


REYKJAVÍKURAKADEMÍAN

2010



Skýrsla

Sólveigar Ólafsdóttur framkvæmdastjóra
um starfsemi ReykjavíkurAkademíunnar ses.

árið 2010

Inngangur

ReykjavíkurAkademían er rannsóknar- og nýsköpunarstofnun í menningar-, hug- og félagsvísindum. Árið 2010 var þrettánda starfsár hennar en hún hefur á þeim tíma sem liðinn er þróast úr samlagi sjálfstætt starfandi fræðimanna um aðstöðu og tengslanet í sjálfseignarstofnun og fræðasamfélag sem rekur margvíslega rannsóknar- og þjónustustarfsemi. Félag ReykjavíkurAkademíunnar er enn sem fyrr kjarni hennar og uppspretta þrátt fyrir að ábyrgð á daglegum rekstri sé í höndum stjórnar sjálfseignarstofnunarinnar.

Fræðimenn innan ReykjavíkurAkademíunnar eru að jafnaði 70 - 75 og fjölgaði heldur á árinu 2010. Hópurinn er enn sem fyrr afar fjölbreyttur og síkvíkur. Sumir stöldruðu stutt við og skildu lítil spor eftir í samfélaginu á meðan aðrir fræðimenn nýttu sér samfélagið til hins ýtrasta í verkefnum sínum og rannsóknasamstarfi. Samstarf og samvinna milli fræðimanna innanhúss er með miklum ágætum enda getur hver og einn leitað óformlega ráða og þegið aðstoð hjá öðrum og veitt að sama skapi sambærilega aðstoð. Sumir fræðimenn kjósa að halda sig til hlés og nýta sér eingöngu starfsaðstöðu og þjónustu innan RA án þess að geta hennar sérstaklega í verkefnum sínum.

Á árinu 2010 og það sem af er ári 2011 hafa tveir nýdoktorar notið rannsóknarstöðustyrkja frá Rannsóknarsjóði innan RA. Það eru þeir Davíð Ólafsson sagnfræðingur og Kristinn Schram þjóðfræðingur. Verður rannsóknaverkefna þeirra getið síðar.

Á síðustu árum hefur sérstök áhersla verið lögð á að styðja við stúdenta í framhaldsnámi og nýútskrifaða fræðimenn með MA- og doktorgráður og er þetta einn gjöfulasti vaxtabroddur RA. Á árinu 2010 gafst stúdentum kostur að fá tímabunda aðstöðu innan RA án endurgjalds og stóðu Félag ReykjavíkurAkademíunnar og Reykjavíkurborg straum af kostnaði við hinar svokölluðu Stúdentastofur RA. Alls nýttu 20 stúdentar aðstöðuna til lengri eða skemmri tíma.

Starfsemi RA árið 2010 einkenndist fyrst og fremst af miklum rekstrarerfiðleikum því efnahagskreppan lagðist á stofnunina með fullum þunga á árinu. Opinbert styrktarfé dróst saman á sama tíma og rekstur og húsaleiga hækkuðu til muna. Tími stjórnar og framkvæmdastjóra fór að mestu leyti í hreinar björgunaraðgerðir enda leit ekki út fyrir

annað í lok árs 2010 en að slíta þyrfti sjálfseignarstofnuninni á aðalfundi 2011 vegna húsnæðisvandræða og rekstrarerfiðleika.

Styrktar- og þjónustusamningar RA við mennta- og menningarmálaráðuneytið og iðnaðarráðuneytið annars vegar og Reykjavíkurborg hins vegar runnu sitt skeið á árinu 2010. Auk þess rann samningur RA við Eflingu-stéttarfélag vegna Bókasafns Dagsbrúnar út í árslok 2010 og einnig styrktarsamningur Faxaflóahafna við Bókasafn Dagsbrúnar.

Breytingar á stjórnnum RA félags og RA ses.

Á aðalfundi Félags ReykjavíkurAkademíunnar urðu þær breytingar á stjórn félagsins að úr henni gengu Ásthildur Valtýsdóttir, Guðrún Hallgrímsdóttir og Hilma Gunnarsdóttir og í stjórn voru kjörin Páll Valsson, Þorbjörg Daphne Hall og Sesselja G. Magnúsdóttir. Fyrir í stjórn voru Davíð Ólafsson formaður og Ingunn Ásdísardóttir.

Á sama fundi gengu Clarence Glad formaður, Sólveig Ólafsdóttir, Steinunn Kristjánsdóttir og Ólöf Gerður Sigfúsdóttir úr stjórn RA ses. Í stjórn voru kjörin Viðar Hreinsson fráfarandi framkvæmdastjóri RA, Gunnþóra Ólafsdóttir, Hallfríður Þórarinsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon. Fyrir í stjórn voru Davíð Ólafsson, Kristinn Schram og Þorgerður Þorvaldsdóttir. Viðar Hreinsson var kjörinn formaður stjórnar RA ses. í stað Clarence Glad sem hafði verið formaður síðan 2006.

Starfsfólk RA og daglegur rekstur

Á aðalfundinum í apríl hætti Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur formlega störfum sem framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar eftir farsælt og gjöfult starf. Formlegur ráðingarsamningur hafði runnið út um áramótin 2009/2010 en það hafði orðið að samkomulagi að hann starfaði til bráðabirgða fram að aðalfundi. Við starfi hans tók Sólveig Ólafsdóttir sagn- og menningarstjórnunarfræðingur og var hún ráðin til eins árs eða fram að aðalfundi 2011.

Í maí 2010 tók Ólafur Hrafn Júlíusson byggingatækni-fræðingur til starfa sem hægri hönd og þjónustufulltrúi RA í 75% starfshlutfalli. Í starfi hans sameinast almenn skrifstofustörf, tækniþjónusta, umsjón með fasteign og umsýsla með viðburðum á

vegum RA. Ólafur Hrafn hefur staðið sig einstaklega vel í sínu starfi á miklum erfiðleikatímum.

Didda stóð vaktina í eldhúsinu fyrir hádegi alla virka daga á árinu 2010 eins og löngum áður og sá til þess að enginn yrði kaffiþyrstur í ReykjavíkurAkademíunni.

Daglegur rekstur RA var í járnum allt árið 2010 og fór framkvæmdastjóri kerfisbundið yfir alla rekstrarliði og gerði sitt til að ná fram eins miklum sparnaði og auðið var. Á sama tíma var allt bókhald stokkað upp og fært til betri vegar. Góður árangur náðist í að draga saman rekstur fasteignar, launakostnað, verktakakostnað vegna reksturs og þjónustuvers auk aðhalds en mestu munaði um hvað fræðimenn innan ReykjavíkurAkademíunnar voru skilvísir á árinu og létu sér vel líka hve hart var gengið að þeim við innheimtu gjaldfallinnar framleigu og þjónustugjalds.

Húsnæðismál

Langstærsti kostnaðarliður RA hefur alltaf verið leiga fyrir húsnæðið að Hringbraut 121. Húsaleigan er bundin neyslúvísitölu sem gerði það að verkum að hún hækkaði stöðugt á sama tíma og rekstrarstyrkir til RA drógust sífellt saman. Gildandi húsaleigusamningur var tímabundinn til ársins 2019. Ekki þótti kostur að hækka framleigugjaldið enda hefði það orðið til þess að flæma fræðimenn í burt vegna kostnaðar auk þess að hluti af húsnæði RA var í raun óleiguhæft vegna lélegs viðhalds. Frá því í ársbyrjun 2009 gildi sú óformlega bráðabirgðaráðstöfun að draga 15% af leigugjaldi til húseiganda svo hægt væri að komast hjá vísitöluhækkunum á framleigu til félaga. Í júní 2010 ákvað stjórn RA ses að segja upp húsaleigusamningnum með 6 mánaða fyrirvara vegna brostinna rekstrarforsenda og óskaði eftir viðræðum við húseiganda um nýjan og endurskoðaðan leigusamning. Á sama tíma hófust langþráðar utanhússframkvæmdir á Hringbrautarhliðinni á vegum húsfélagsins.

Lítill sem engin viðbrögð komu frá húseigandanum varðandi viðræður um nýjan samning þrátt fyrir stöðuga eftirfylgni framkvæmdastjóra RA. Í lok október 2010 var undirritaður viðauki við uppsagnarbréf RA þar sem uppsögn var frestað um fjóra mánuði eða til aprílloka 2011. Þetta var gert m.a. til þess að geta lagt RA lögformlega niður á aðalfundi Félags ReykjavíkurAkademíunnar ef allt færi á versta veg. Í nóvember bárust fréttir af því að ekki yrði ráðist í nauðsynlegar endurbætur á leiguhúsnæðinu vegna vanefnda húseiganda við húsfélag. Húsfélagið var beðið um nánari upplýsingar

og á sama tíma tók stjórn RA ses. ákvörðun um að draga leigugreiðslur fram yfir eindaga í fyrsta skipti í sögu RA. Í skýrslu frá húsfélaginu sem barst RA 15. nóvember kom fram að m.a. hefðu opnanlegir gluggar verið boltaðir aftur á 5. hæð og fleira gert sem varð til þess að ekki var lengur unnt að framleigja töluverðan hluta af því húsnæði sem RA hafði á leigu. Samskipti við húseiganda voru miklum erfiðleikum háð það sem eftir lifði ársins og hinn 19. nóvember barst RA bréf þar sem húseigandi samþykkti skriflega uppsögn RA frá og með 30. apríl 2011.

Erfiðleikar í húsnæðismálum RA héldu áfram á þessu ári og úr varð að RA auglýsti eftir nýju húsnæði undir starfseminu. Málalyktir urðu þó þær að gerður var nýr leigusamningur um hluta af því húsnæði sem ReykjavíkurAkademían hefur haft á leigu frá upphafi. Hinn nýi samningur tekur gildi 1. maí 2011 og er mun hagstæðari en fyrri samningur. Mestu munar þó um að hann er með hefðbundinn gagnkvæman uppsagnarfrest.

Stúdentastofa og styrkir:

Haustið 2009 hóf Félag ReykjavíkurAkademíunnar að bjóða háskólanemum í framhaldsnámi (meistara- eða doktorsnámi) í félags- og hugvísindum tímabundna vinnuáðstöðu í svonefndri stúdentastofu í húsakynnum Akademíunnar. Um var að ræða tilraunaverkefni frá september til áramóta. Í boði voru fimm skrifborð í stórri skrifstofu auk aðgangs að sameiginlegu rými Akademíunnar og aðstöðu. Að þeirri reynslu fenginni var ákveðið að halda áfram með þetta verkefni árið 2010 og var á því ári auglýst tvisvar eftir umsóknum. Alls fengu 12 framhaldsnemar rúm í stúdentastofu á vormisseri í tveimur stórum herbergjum, 424 og 245.

Ekki var auglýst eftir umsóknum um stúdentastofu í upphafi árs 2011 vegna óvissu um húsnæðismál RA.

Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg

Hinn 21. janúar 2010 skrifuðu Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri og Clarence Glad stjórnarformaður undir eins árs stuðnings og þjónustusamning við RA. Unnið var eftir samningnum á árinu í góðri samvinnu við Önnu Gunnhildi Ólafsdóttur teymisstjóra á skrifstofu borgarstjóra.

Unnið var að mörgum verkefnum innan samningsins sem síðar verður getið í skýrslunni ásamt nokkrum verkefnum sem sértaklega voru unnin fyrir Reykjavíkurborg. Nokkuð erfiðlega gekk að fá Reykjavíkurborg til að nýta sér samninginn og þar með þann mannauð sem býr í fræðimönnum innan RA.

Nýmæli í samningi þessum við Reykjavíkurborg var að stofnað var til sérstaks „Borgarfræðaseturs RA“, þ.e. stúdentaöstöðu þar sem stúdentar unnu sérstaklega að verkefnum tengdum Reykjavíkurborg. Alls voru sex stúdentar valdir inn í hið svokallaða „Borgarfræðasetur RA“. Auk þess var auglýstur sérstakur Reykjavíkurstyrkur Akademiunnar, rannsóknarstyrkur að upphæð kr. 500.000 en hann var fjármagnaður af Reykjavíkurborg í gegnum þjónustusamninginn. Alls bárust níu umsóknir um rannsóknarstyrkinn haustið 2010. Umsækjendur voru allir í meistaranámi við íslenska háskóla og komu af ýmsum fræðasviðum hug-, félags- og raunvísinda. Styrkinn hlaut Ólafur Gísli Reynisson BA í heimspeki og þýsku og MA nemi í skipulagsfræði við Landbúnaðarháskóla Íslands

Rannsókn Ólafs Gísla ber titilinn „Hvernig styðja götuhliðar jarðhæða nokkurra gatna í Reykjavíkur við mannlífið fyrir framan þær?“ og byggir á því að það sé hægt að hafa áhrif á möguleika fólks til að hittast, sjást og heyrast. Markmiðið rannsóknarinnar er að



greina götuhliðar út frá breytum úr fyrri rannsóknum, sýna húseigendum möguleika þeirra og koma með hugmyndir fyrir borgaryfirvöld til að auka áhuga húseigenda á að breyta götuhliðum.

Mynd 1 Lokaðar götuhliðar með fáum atriðum til að upplifa fæla frá, þó húsið geti þótt glæsilegt

Hver framhlið fær einkunn fyrir sjö eigindlegar breytur eða flokkunarbreytur út frá ljósmyndum af framhliðunum. Niðurstöður eru sýndar á kortum, ljósmyndum og stöplaritum. Atvinnueiningar eru margar mjóar og snotrar á athugunarsvæðinu og þrjár

af hverjum fimm götuhliðum eru upplýstar á kvöldin og nóttunni en atvinnustarfsemin er því miður of einsleit. Veitinga- og skemmtistaðir eru fyrir innan nærri helming allra götuhliða og fjármálastarfsemi víða. Einungis tíunda hver götuhlið er með hæfilega stór útskot og fimmtungur starfseminnar fléttar starfsemi sína við mannlífið fyrir utan. Í tveimur af hverjum fimm tilfellum er erfitt eða frekar erfitt að sjá starfsemina fyrir innan og fjölbreytni og sérkenni í efni, áferð og litum hverrar götuhliðar misjöfn. Því er svæðið of tilbreytingalítið og fær um helmingur götuhliðanna falleinkunn. Athugunarsvæðið býður í heild ekki upp á eins líflega, fjölbreytta og jákvæða upplifun og það gæti gert.



Mælikvarðar þessarar rannsóknar geta hamlað gegn þessari neikvæðu þróun og því mikilvægt að vanda til allra þessara þátta. Til að stuðla að því væri hægt að veita verðlaun fyrir góðar götuhliðar. Eins væri hægt að setja þessa þætti inn í staðla fyrir allar nýbyggingar og breytingar á verslunarhúsnæði í Reykjavík.

Mynd 2 Þessi framhlið býður upp á jákvæða og líflega upplifun

(Myndir og texti: Ólafur Gísli Reynisson)

Samningar við mennta- og menningarmálaráðuneyti og iðnaðarráðuneytið


Eins og áður er getið rann samningur RA við mennta- og menningarmálaráðuneytið annars vegar og iðnaðarráðuneytið hins vegar út í árslok 2010. Ráðherrunum Katrínu Jakobsdóttur og Katrínu Júlíusdóttur var sent samhljóða erindi 7. maí 2010 þar sem farið var fram á endurnýjun og endurskoðun á samningnum. Viðar Hreinsson stjórnarformaður og Sólveig Ólafsdóttir framkvæmdastjóri fylgdu þessum erindum eftir með heimsóknnum til ráðherranna tveggja og kom fjótlega á daginn að enginn áhugi var hjá iðnaðarráðherra að gera nýjan styrktarsamning við RA. Annað var uppi á könnunni hjá Katrínu Jakobsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra og gaf hún ádrátt um að nýr samningur yrði gerður við RA af hendi síns ráðuneytis. Það kom svo í ljós þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram að ekki var gert ráð fyrir hærri upphæð en 15

milljónum til handa RA á fjárlögum. Eftir nokkuð þref náðu stjórnarformaður og framkvæmdastjóri fundi með fjárlaganefnd þar sem þau lögðu fram grátbeiðni frá RA um hærra framlag. Í samþykktum fjárlögum var eyrnamerkt upphæð til RA komin í kr. 16 milljónir.

Töluvert samband og samvinna hefur verið milli framkvæmdastjóra RA og embættismanna í mennta- og menningarmálaráðuneytinu við gerð samningsins sem var síðan undirritaður af Katrínur Jakobsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra og Sólveigu Ólafsdóttur framkvæmdastjóra RA hinn 17. mars síðastliðinn.

Stefnumótun

Á tímum kreppu og óvissu þótti stjórn RA ses. nauðsynlegt að skoða grunnþætti starfseminnar og marka sér stefnu til framtíðar. Nokkur tími framkvæmdastjóra fór í að safna saman þeim miklu upplýsingum sem liggja frá fyrri stjórnnum og framkvæmdastjóra og máta þær við breytta tíma og allt aðrar rekstrarforsendur.



Á sameiginlegum fundi stjórna Félags RA og RA ses. í október 2010 lagði framkvæmdastjóri fram drög að „skipuriti“ að framtíðarstefnu RA og þeim grunnþáttum sem nauðsynlegt er að hlúa að í starfseminni. Nokkur umræða fór fram í kjölfarið sem litaðist jafnan að þeirri algeru óvissu sem framtíð RA var á árinu 2010.

RA - traustur grundvöllur

Bókasafn Dagsbrúnar 2010

Fagleg stjórn Bókasafns Dagsbrúnar árið 2010 fyrir hönd RA var skipuð þeim Sumarliða Ísleifssyni formanni, Þorleifi Haukssyni og Þorgerði Þorvaldsdóttur. Ábyrgð á daglegum rekstri safnsins var í höndum framkvæmdastjóra RA. Starfsmenn safnsins voru Ian Watson og Erna Björk Jóhannesdóttir.

Skráningu upprunalega safnkosts bókasafnsins var að mestu leyti lokið á árinu þó að eitthvað af smáprenti og áróðursritum liggi ennþá óskráð. Bókasafnið fékk eina stóra og þrjár litlar bókaáfyrir á árinu 2010 og mikill tími starfsmanna fór í úrvinnslu gjafanna. Margar þessara bóka voru teknar inn í safnið en aðrar seldar eða gefnar. Aðsókn að safninu, var ekki mikil en þó stöðug og sumir félagsmenn RA eru tíðir gestir í safninu. Efling stéttarfélag er eins og áður eigandi og aðalstyrktaraðili safnsins ásamt Faxaflóahöfnum. Samningur Eflingar stéttarfélags og RA rann út í árslok og enn er ósamið um framtíð Bókasafns Dagsbrúnar hjá ReykjavíkurAkademíunni.

Sjá <http://bokasafndagsbrunar.is/>

Helstu rannsóknarverkefni innan ReykjavíkurAkademíunnar.

Megin rannsóknarsvið RA á árinu voru sem fyrr tengd MIRRU - Miðstöð innflytjendarannsókna ReykjavíkurAkademíunni, ÍNOR verkefninu - Ísland og ímyndir norðursins og rannsóknaverkefnum nýdoktora innan RA.

MIRRA - Miðstöð InnflytjendaRannsókna ReykjavíkurAkademíunni

Forstöðumaður: Dr. Hallfríður Þórarinsdóttir

Fræðasvið: Mannfræði, innflytjendarannsóknir

Helstu störf og rannsóknarverkefni:

Migration and Mobility at the Times of Transformation (MMTT).

Rannsóknin hlaut veglegan styrk frá Þróunarsjóði EFTA (EEA Grants) fullt heiti er: *Mobility and Migrations at the Times of Transformation - Methodological Challenges* (Hreyfing og búferlaflutningar á umbreytingatímum - aðferðafræðilegar áskoranir). Rannsóknin er samvinnuverkefni þriggja landa, Íslands undir forystu MIRRA, Póllands undir forystu Center of Migration Research (CMR) við Varsjárháskóla og Noregs undir

forystu Fafø - Institute for Applied International Studies í Osló. Um er að ræða könnun á tölfræðlegum gögnum um alþjóðlega búferlaflutninga til og frá Póllandi, þar með talin tölfræði frá móttökulöndum. Markmið könnunarinnar var að fá úr því skorið hvort sú aðferðafræði sem notuð var, RDS (Respondent Driven Sample), endurspeglir skráningar opinberra gagna eða leiði eitthvað annað í ljós. Til að afla þessara gagna voru tekin tæplega 500 viðtöl Pólverja sem búsettir eru á höfuðborgarsvæðinu, konur og karla sem komin eru yfir átján ára aldur. Viðtölin fóru öll fram á pólsku og unnu um átta manns við rannsóknina þegar hæst lét. Undirbúningur hófst haustið 2008, viðtöl fóru fram frá maí til júliloka 2010. Innsláttur viðtala, hreinsun gagna og afstemmingar fóru fram haustið 2010. Unnið verður úr gögnum 2011. Ábyrgðarmaður rannsóknar á Íslandi er dr. Hallfríður Þórarinsdóttir forstöðumaður MIRRA. Rannsókninni var stýrt frá Varsjárháskóla og verkefnisstjóri er [Paweł Kaczmarczyk](http://www.migracje.uw.edu.pl/projekt/120/) dósent í hagfræði við Varsjárháskóla. Hér má finna frekari lýsingu á rannsókninni. <http://www.migracje.uw.edu.pl/projekt/120/>

Árangur og skilvirkni íslenskukennslu fyrir útlendinga

Markmið rannsóknarinnar er að kanna árangur og skilvirkni íslenskukennslu fyrir útlendinga. Höfuðáhersla er lögð á tungumálið sem tæki til félagslegra tjáskipta. Rannsakað er hvaða möguleikar eða hindranir eru til staðar svo íslenskukunnátta nýtist á vinnustað og í daglegu umhverfi. Í brennidepli er greining á því hvernig kunnátta í íslensku meðal útlendinga hefur áhrif á framgangsmöguleika í starfi og einnig félagslegan aðgang og samlögun að samfélaginu. Um leið er kannað með hvaða hætti enskukunnátta og notkun hefur áhrif þar á. Rannsóknin beinist líka að því að draga fram hvernig færni innflytjenda í íslensku máli, eða skortur á henni, hefur áhrif á sjálfsmynd þeirra, upplifun og reynslu af því að tilheyra eða tilheyra ekki íslensku samfélagi. Rannsóknin, sem byggir á viðtölum og vettvangsveru, hófst síðla hausts 2010 og er gerð á tveimur ólíkum vinnustöðum á höfuðborgarsvæðinu þar sem vinna margir starfsmenn af erlendum uppruna.

Þekkingarbanki:

ÞEKKINGARBANKI MIRRU felur í sér skrá yfir rannsóknir og rit um innflytjendamálefni á Íslandi sjá: www.mirra.is

Styrkir og viðurkenningar:

2010: EEA Grants, Norway Grants

Bækur:

Staða innflytjenda á erfiðleikatímum – raddir og viðhorf

Útg. MIRRA, Reykjavík 2009

Fræðigreinar forstöðumanns:

Íslensku trúboðið

Er málleg þjóðernishyggja veraldleg trúarbrögð á Íslandi? Reykjavík: **Glíman 7 (2010), 169–199**

Fyrirlestrar forstöðumanns:

12/10 2010 „Immigrants and economic crisis“ – Fyrirlestur haldinn fyrir starfsmenn Norræna þjóðkirkna. Neskirkja, Reykjavík.

08/05 2010. „Kreppan og kjör innflytjenda á Íslandi“

Ráðstefna í þjóðfélagsfræðum – Háskólanum á Bifröst 7.- 8. maí

06/05 2010. „Innflytjendur á erfiðleikatímum.“ Flutt á málþinginu *Innflytjendur á jaðrinum í íslensku samfélagi*, haldið á vegum Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða - Iðusölum Reykjavík 6. maí 2010.

11/02 2010. “Er glansmyndin hrugin? Vangaveltur um íslenska þjóðarímynd og orðspor.“ Læknastöðin Mjódd.

Annað:

Alþjóðlegt samstarf við:

- a. CMR – Center for Migration Research - Warsaw University, Póllandi.
- b. Fafo, Institute for Applied International Studies, Oslo, Noregi.
- c. Vinnufundir í Varsjá Póllandi í júní og desember 2009 og september 2010, þar sem fluttar voru greinargerðir vegna rannsóknar MMTT.

Dr. Hallfríður Þórarinsdóttir forstöðumaður MIRRU situr í stjórn RA ses.

Ísland og ímyndir norðursins - Iceland and images of the North 2007-2010 - ÍNOR

alþjóðlegt rannsóknarverkefni sem naut öndvegisstyrks frá RANNÍS 2007 - 2009.

Verkefnisstjóri fyrir hönd RA: Sumarliði R. Ísleifsson sagnfræðingur

Verkefninu er nú að ljúka með útgáfu tveggja bóka, annars vegar bókinni *Iceland and Images of the North* sem kemur út í júní næstkomandi, 650 blaðsíður, í ritstjórn Sumarliða. Höfundar eru 20. Útgefendur eru ReykjavíkurAkademían og [Presses de l'Université du Québec](#). Þess er vænst að unnt verði að kynna bókina á ráðstefnu Norðurskautsráðsins á Akureyri í júní 2011. Hin bókina er þýtt greinasafn um ímyndir í ritstjórn Clarence E. Glad sem er nýlega komið út.

Vinna við INOR verkefnið hefur reynst afar gjöfult fyrir þá sem hafa tekið þátt í því og munu þátttakendur og verkefnisstjórnar nýta sér reynslu af því til áframhaldandi „landvinninga“ á sviði ímyndafræða og rannsókna á norðrinu. Hvernig það starf og samstarf verður formgert skýrist á næstu misserum.

Sjá <http://www.inor.is>

Rannsóknarstöður innan RA

Davíð Ólafsson

Sagnfræðingur. Rannsóknastöðuþegi Rannsóknasjóðs við ReykjavíkurAkademíuna 2009-2012.

Rannsóknarverkefni: Handritasamfélag- þekkingarsamfélag. Handritamenning í Kaldrananeshreppi á Ströndum 1850-1900.

Birtingar á árinu:

„Textinn á tíma fjöldaframleiðslu sinnar. Rannsóknir á handritamenningu síðari alda.“
Saga XLVIII/1 (2010), bls. 61-97.

Fræðilegt samstarf:

Á liðnu ári hefur Davíð tekið þátt í innlendu og fjölþjóðlegu samstarfi á sínu fræðasviði. Í kjölfar starfs hóps norrænna fræðimanna sem undanfarin ár hefur haldið vinnustofur styrktar af NOS-HS tók hann þátt í gerð umsóknar um NORDCORP styrk til NOS-HS til verkefnisins *Reading and writing from below: Towards a new social history of literacy in the Nordic sphere during the long nineteenth century*. Styrkurinn fékkst og verkefnið mun standa frá 2011 til 2014 undir stjórn undir stjórn Dr. Taru Nordlund við Helsinkiháskóla.

Davíð er einnig þátttakandi í norrænu verkefni sem nefnist Vardagligt skriftbruk: Diakrona perspektiv på literacy i Sverige och övriga Norden, undir stjórn Ann-Catrine Edlund við Umeå háskóla 2009-2012.

Auk þess hefur Davíð tvö síðustu ár unnið að umsóknum hóps fræðimanna innan og utan RA um öndvegisstyrk til Rannsóknasjóðs. Þær umsóknir hafa ekki hlotið brautargengi þrátt fyrir afar góðar umsagnir matsmanna.

Stundakennsla við HÍ, haust 2010. Hugvísindasvið, sagnfræði- og heimspekideild: Ásamt Ólafi Rastrick.

Í ritnefnd tímaritsins Sögu.

Davíð Ólafsson er formaður stjórnar RA, félags sjálfstætt starfandi fræðimanna og varaformaður RA ses.

Kristinn H. Schram

Þjóðfræðingur. Rannsóknastöðuþegi Rannsóknasjóðs við ReykjavíkurAkademíuna og ÍNOR 2010

Fyrirlestrar:

“Obscurity as heritage: The Þorablót revisited.” Á Þjóðarspegli Félagsvísindadeildar við HÍ. <http://vimeo.com/16473401> . Október

“Húmor, vald og samfélag.” Á málþinginu “Að grína í samfélagið.” Hafnarborg, September.

Kynning á rannsóknum á Vísindavöku Rannís, September.

Skipulagning málþings og kynning á rannsóknum á húmor á málþinginu “Húmor, félagshópar og vald” á Þjóðfræðistofu, Mars.

“Iceland and Images of the North”. Kynning á ÍNOR á fyrirlestrarröð við Edinborgarháskóla “Friday Seminars”, Edinburgh, U.K. Febrúar.

“Að innbyrða útrásina ”. Á fyrirlestrarröð ÍNOR og ReykjavíkurAkademíunnar um sjálfsmyndir og ímyndir. Janúar.

Útgáfa:

Borealism: Folkloristic Perspectives on Transnational Performances and the Exoticism of the North. Doktorsritgerð í þjóðfræði við Edinborgarháskóla.

“The Wild Wild North.” Images of the North: Histories – Identities – Ideas (Studia Imagologica 14), ed. Sverrir Jakobsson et. al. (co-edited by author). Amsterdam: Rodopi.

“Obscurity as heritage: The Þorrablót revisited.” Þjóðarspejill – Rannsóknir í Félagsvísindum XI, ritstj. Helga Ólafs and Hulda Proppé. Reykjavík: Félagsvísindadeild, Háskóli Íslands.

Kristinn H. Schram er varamaður í stjórn RA ses.

Önnur verkefni innan ReykjavíkurAkademíunnar

Pre-Christian Religions of the North;

Verkefnisstjóri fyrir hönd RA: Ingunn Ásdísardóttir þjóðfræðingur.

RA er lykilþátttakandi í alþjóðlegu samstarfsverkefni ásamt Snorrastofu í Reykholti og Háskóla Íslands um útgáfu fjölbinda yfirlitsrits um norræna goðafræði. Verkefnisstjóri fyrir hönd RA eru Ingunn Ásdísardóttir þjóðfræðingur og Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur situr einnig í aðalstjórn verkefnisins. Ingunn er auk þess er fulltrúi stjórnar í einni af þremur ritnefndum verkefnisins.

Verkefnið er afar viðamikið en komið nokkuð vel á veg þrátt fyrir að kreppan hafi tafið fjáröflun. Þátttakendur eru fjölmargir af fremstu fræðimönnum heims á sviði norrænnar goðafræði.

Ingunn Ásdísardóttir situr í stjórn Félags RA.

Án áfangastaðar - Without Destination

Verkefnisstjóri: Dr. Gunnþóra Ólafsdóttir landfræðingur

Á árinu 2010 vann Gunnþóra í samvinnu við Markús Þór Andrésson listsýningastjóra að undirbúningi verkefnis Án áfangastaðar (e. Without Destination). Um er að ræða grasrótaverkefni sem samanstendur af alþjóðlegri listsýningu og ráðstefnu sem hefur að markmiði að hvetja til umræðu í íslensku samfélagi um málefni Íslands sem áfangastað ferðamanna; stuðla að fræðslu um eðli náttúrutengdrar ferðamennsku, einkum er varðar

upplifun ferðamanna á vettvangi; og að hvetja til frekari rannsókna á ferðamennsku á Íslandi. Hvatinn að verkefninu er hinn ört vaxandi straumur innlendra og erlendra ferðamanna um Ísland. Báðir viðburðirnir fóru fram á fyrri hluta árs 2011 í Listasafni Reykjavíkur.

Viðfangsefni sýningarinnar er að velta upp áleitnum spurningum er snerta ferðamennsku. Verkin á sýningunni endurspeglar hugmyndir samtímalistamanna um ferðalög, staði og staðleysur í huglægum og landfræðilegum skilningi. Þau beina sjónum að ferðalaginu og hinu skapandi og persónulega samtali sem á sér stað í hinum gagnvirku tengslum manneskju og staðar við upplifun ólíkra staða og mótar hugmyndir okkar um þá. Ráðstefnan er hugsuð sem tilraun til að leiða saman hina ólíku hópa sem standa að íslenskri ferðaþjónustu og efla samskiptin á milli þeirra á þessum umbrotatímum í íslensku efnahagslífi þegar mikilvægt er að vinna sameiginlega að sjálfbærri þróun atvinnugreinarinnar. Hún er einnig hugsuð sem tækifæri fyrir innlenda og erlenda rannsakendur á sviði náttúruferðamennsku að koma saman og koma niðurstöðum sínum á framfæri til samfélagsins.

ReykjavíkurAkademían, ásamt Listasafni Reykjavíkur og Félagi Landfræðinga voru bakhjarlar 'Án áfangastaðar' og naut Gunnþóra Ólafsdóttir verkefnastyrks frá Reykjavíkuborg í gegnum þjónustusaminginn milli RA og RVK.

Gunnþóra Ólafsdóttir situr í stjórn RA ses.

Stofnun nýs rannsóknarnets um menningarlega sjálfbærni og þátt menningar í sjálfbærri þróun - COST

Verkefnisstjóri: Dr Gunnþóra Ólafsdóttir landfræðingur.

Á árinu sótti Gunnþóra í samvinnu við landfræðingana Inger Birkeland við háskólann í Bergen í Noregi og Katriinu Soini við háskólann í Jyväskylä í Finnlandi um COST styrk Evrópusambandsins til að stofna nýtt rannsóknarnet um menningarlega sjálfbærni og menningarþáttinn í sjálfbærri þróun. COST styrkir eru til þess ætlaðir að ýta undir rannsóknarsamvinnu innan Evrópu á öllum sviðum vísinda og tækni. Á umsóknartímabilinu var kannaður áhugi á slíku samstarfi í Evrópu. 45 sérfræðingar í 15 Evrópulöndum gáfu vilyrði til samvinnu.

Þann 7. desember varð það staðfest að COST verkefnið IS1007 Investigating Cultural Sustainability yrði fjármagnað. Rannsóknarnetið styrkir ekki einstakar rannsóknir heldur hefur það hlutverk að gefa fólki sem er að rannsaka sama viðfangsefni frá ólíkum sjónarhornum tækifæri til að koma saman, kynna niðurstöður sínar, dýpka skilning og safna í sameiginlegan viskubrunn. COST verkefnið kostar sameiginlega vinnufundi, 3 alþjóðlegar ráðstefnur, skýrslugerðir og kynningar. Þátttakendur netsins sjá hins vegar alfarið um fjármögnun eigin rannsókna. Hér er um glæsilegt tækifæri að ræða. Ekki einungis er þetta gríðarlega spennandi viðfangsefni og spennandi tilhugsun að geta tekið þátt í þverfaglegu Evrópusamstarfi, heldur er það ómetanleg hjálp í ólgusjó styrkjakerfisins að geta tengt umsóknir við rannsóknarnet á viðfangsefni sem Evrópusambandið hefur ákveðið að styrkja næstu 4 árin.

ReykjavíkurAkademían mun hýsa COST verkefnið fyrir Íslands hönd. Gunnþóra Ólafsdóttir og Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur í ReykjavíkurAkademíunni voru tilnefnd af Rannís til að sitja í alþjóðlegri framkvæmdanefnd verkefnisins. Aðrir Íslendingar og stofnanir sem hafa nú þegar hug á að tengjast netinu eru: Guðrún Pétursdóttir dósent í fósturfræði við Háskóla Íslands og framskvæmdastjóri Stofnunar Sæmundar fróða, Rannveig Ólafsdóttir dósent í ferðamálafræði við Háskóla Íslands, Þorvarður Árnason forstöðumaður Háskólasetursins á Hornafirði og Lára Magnúsardóttir forstöðumaður Fræðaseturs Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra.

Svartárkot, menning náttúra

Verkefnið Svartárkot, menning náttúra, sem ReykjavíkurAkademían stendur að ásamt ábúendum í Svartárkoti í Bárðardal, fór afar vel af stað á árinu og nú er til reiðu tugur námskeiða sem hægt verður að halda. Hins vegar kreppan mikla bitnað á verkefninu með tvennum hætti. Ekki hefur tekist að gera rammisamning við íslenskan háskóla um viðurkenningu námskeiðanna, sem gerir það að verkum að örðugt er að bjóða þau fram. Hins vegar hefur stuðningur til þess verið skorinn ótæpilega niður á fjárlögum og því hefur takmarkað verið hægt að vinna að þróun þess.

Á árinu var tekið á móti einu vettvangsnámskeiði landfræðinema frá University of the West of England, Bristol, undir stjórn dr. Chad Staddon sem er einn af mörgum dyggum og áhugasömum Svartárkotsvinum. Námskeiðið tókst með eindæmum vel og nemendur

voru ánægðir með dvölinu. Kemur það einkum fram í tvennu: Innblásnu myndbandi sem þau gerðu: <http://www.youtube.com/watch?v=8ThcBO8kUoE> -

og umsókn þriggja af stúdentunum til Konunglega breska landfræðifélagsins um styrk til að rannsaka og kortleggja vistfræði Skjálfandafljóts frá upptökum til ósa. Styrkurinn fékkst, og nú er komið í ljós að Nýsköpunarsjóður námsmanna styrkir einnig verkefnið.

Fulltrúi RA í stjórn Svartárkots, menningar – náttúru er Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur. Hann er jafnframt stjórnarformaður RA ses.

Stafrænar sögur í RA

Verkefnisstjóri: Salvör Aradóttir leikhúsfræðingur

Tildrög þessa verkefnis voru að vorið 2010 var falast eftir samstarfi og þátttöku ReykjavíkurAkademíunnar í norrænni ráðstefnu um stafrænar sögur. Áhersla ráðstefnunnar skyldi vera á stafrænar sögur í starfi með börnum og ungmennum. Ráðstefnan, Digital Storytelling – Dialogue, sem naut stuðnings Norræna menningarsjóðsins og fór fram í Dunkers Kulturhus í Helsingborg dagana 21.-23. október 2010 var haldin í samstarfi við m.a. DigitalStorylab í Kaupmannahöfn og Centrum&Österlyftet í Svíþjóð. Hluti af undirbúningi ReykjavíkurAkademíunnar fyrir ráðstefnuna var að halda vinnustofu í stafrænni sagnagerð fyrir ungt fólk á Íslandi. Vinnustofan, sem haldin var í samstarfi við Myndlistaskóla Reykjavíkur og embætti umboðsmanns barna, fór fram í húsnaði RA, Gullströndinni í september og tókst vel. Leiðbeinendur voru Nikoline Lohman og Julie Byskov Gade frá DigitalStorylab í Kaupmannahöfn. Afrakstur vinnustofunnar, þ.e. sex stafrænar sögur voru svo íslenskt framlag til ráðstefnunnar í Helsingborg. Í framhaldi af þessu stóð ReykjavíkurAkademían fyrir vinnustofu í gerð stafrænna sagna með þátttakendum í ráðgjafahópi umboðsmanns barna. Fyrri hluti vinnustofunnar fór fram á Úlfhljótsvatni í desember en seinni hlutinn á Gullströndinni í janúar 2011.

ReykjavíkurAkademían hefur leitað til valinna aðila um stuðning og samstarf, m.a. til embættis umboðsmanns barna, Æskulýðsráðs ríkisins og mennta- og menningamálaráðuneytis. Verkefninu hefur hvarvetna verið vel tekið þar sem það hefur verið kynnt og hlotið nokkurn fjárstuðning frá framangreindum aðilum auk þess að njóta styrks úr þjónustusamningi RA við Reykjavíkurborg.

IRIS – ættleiðingartengd fræðsla.

Haustið 2010 hófst í ReykjavíkurAkademíunni þróun frumkvöðlaverkefnisins IRIS – ættleiðingartengd fræðsla en að verkefninu standa Snjólaug Elín Sigurðardóttir, leikskólakennari, BA í sænsku og ensku, MA-nemi í uppeldis- og menntunarfræðum og kjörmóðir, Helga Magnea Þorbjarnardóttir, iðjuþjálfari og kjörmóðir, og Kristbjörg S. Richter, grunnskólakennari og kjörmóðir.

Hugmyndin að baki verkefnisins er að veita sérsniðna fræðslu um ættleiðingartengd málefni til fagfólks t.d. á heilbrigðissviði, menntasviði og félagsmálasviði, sem og að veita fræðslu inn í menntastofnanir landsins í grunnnámi fagstétta. Hingað til hefur engin slík fræðsla verið aðgengileg hér á landi og þarf að svara brýnni fræðsluþörf sem er fyrir hendi.

Nú þegar hefur IRIS - ættleiðingartengd fræðsla þróað fræðsluefni til notkunar í fyrirlestrum fyrir fagfólk og samhliða þeirri þróun er hafið norrænt samstarf við sérfræðinga á sviðinu í Finnlandi, Capacitas Familia, en upp úr þróunarverkefninu „Vahke-projectet“ í Finnlandi á árunum 2007-2009 kom fræðslulíkan sem nýtist við miðlun ættleiðingartengdrar fræðslu til fagfólks. Þekkingin og námsefnið frá Finnlandi stendur IRIS til boða og er nú unnið að skipulagningu og fjármögnun komu eins aðilans úr stýrihópi þróunarverkefnisins, Sanna Mäkipää MA og doktorsnema í lýðheilsufræðum, hingað til lands til að byggja upp samstarf.

Þrátt fyrir að IRIS sé enn á þróunarstigi, er nú þegar komin fram þó nokkur eftirspurn eftir þessari fræðslu, meðal annars frá fagaðilum stofnanna á vegum ríkisins, og er frekari þróun og fjármögnun verkefnisins framundan. Fjárhagslegur grunnur hefur ekki verið tryggður og er IRIS nú rekið með fjárframlögum úr eigin vasa stofnenda og í sjálfboðavinnu.

Umhverfissaga í ReykjavíkurAkademíunni

Verkefnisstjóri fyrir hönd RA: Dr. Árni Daníel Júlíusson sagnfræðingur

Árið 2010 starfaði umhverfissöguhópur innan ReykjavíkurAkademíunnar. Hópurinn varð til í kring um umhverfissögunámskeið sem haldið var í Bárðardal 2009. Margskonar erlend tengsl urðu til. Meðlimum hópsins var boðið að vera með í starfi norræns

samstarfshóps um umhverfissögu, NEHN. Fyrsti fundur hópsins var haldinn í Þrándheimi í nóvember 2009, og síðan annar í Stokkhólmi í október 2010. Fundur um kennslumál umhverfissögu var haldinn í Roskilde í mars 2011. Hópurinn vinnur að gerð safnrits um umhverfissögu norðursins, og ber ritið vinnutilinn Northscapes. Af hálfu ReykjavíkurAkademíunnar hafa Árne Daníel Júlíusson sagnfræðingur og Ragnhildur Sigurðardóttir tekið þátt í þessu starfi.

Anna Karlsdóttir landfræðingur fór í júní 2010 á nám- og ráðstefnu á Prince Edward Island. Ráðstefnan var á vegum samstarfsaðila ReykjavíkurAkademíunnar í Kanada, NICHE. Það er samstarfsnet kanadískra umhverfissagnfræðinga, líkt og NEHN. Irene Novacek á Prince Edward Island er samstarfsaðili af hálfu NICHE í samstarfinu við RA.

Árne Daníel Júlíusson hefur tekið þátt í samstarfi á sviði miðaldaumhverfissögu. ENFORMA nefnist alþjóðlegt samstarfsnet á þessu sviði og stýrir því Dolly Jørgensen, umhverfissagnfræðingur í Umeå. Árne Daníel og Ragnhildi Sigurðardóttur var einnig boðið á ráðstefnu sem nefndist „Environmental Consequences of Neoliberalism“ sem haldin var í Lund í Svíþjóð í maí 2010. Þau Diana Gildea og Jason W. Moore, sem komu á Svartárkotsnámskeiðið 2009, báru hitann og þungan af undirbúningi þeirrar ráðstefnu og buðu Árna Daníel og Ragnhildi á ráðstefnuna.

Nýverið tókst samstarf milli ReykjavíkurAkademíunnar og Vest-norræna ráðherraráðsins. Ráðið hefur gefið út stuðningsyfirlýsingu um að styðja umhverfishóp RA í samstarfi við Háskólafélag Suðurlands. Markmiðið með stuðningnum er að byggja upp fræðastarf á sviði vest-norrænnar umhverfissögu. Unnið er að umsóknum og uppbyggingu samstarfsnets á þessu sviði í Grænlandi, Íslandi og í Færeyjum.

Meðal þeirra innlendu fræði- og vísindamanna sem hópurinn hefur unnið með má nefna eftirfarandi: Anna Guðrún Þórhallsdóttir líffræðingur, Helga Ögmundardóttir mannfræðingur, Unnur Birna Karlsdóttir sagnfræðingur og Rannveig Ólafsdóttir landfræðingur.

PRISMA

Verkefnisstjóri fyrir hönd RA er Sólveig Ólafsdóttir

Boðið hefur verið upp á Prisma diplómanámið í þrígang, árin 2009 og 2010. Alls hafa 123 nemendur útskrifast til þessa, 101 með 16 einingar (ECTS) og 22 með 12 einingar. Nemendur voru á aldrinum 19-67 ára, með margvíslega menntun og reynslu að baki. Lágmarksinntökukrafa í Prisma er stúdentspróf eða jafngildi þess. Prisma er þverfaglegt nám sem byggir á gagnrýninni og skapandi hugsun. Burðarfögin eru heimspeki og fræðigreinar lista en að auki fléttast fjölmargar aðrar sérgreinar inn í námið eins og mannfræði, markaðsfræði, bókmenntafræði, myndmálssaga, frumkvöðlafræði, stjórnun, taugalíffræði, stjórnufræði, eðlisfræði og svo framvegis.

Prisma er nýsköpun í háskólanámi hér heima og erlendis og hugmyndasmiður og forstöðukona námsins, Hrunn Gunnsteinsdóttir, hefur fjallað um námið á ráðstefnum um nýsköpun og menntamál í Evrópu á Íslandi, í Svíþjóð og í Portúgal. Könnun meðal útskrifaðra nemenda í Prisma haustið 2009 sýnir að 94% myndu mæla með náminu við aðra og 84% útskrifaðra voru í námi eða starfi 4-7 mánuðum eftir útskrift. Það er hátt hlutfall þegar tekið er mið af því að stærstur hluti innritaðra eru án atvinnu og ekki í námi. Listaháskóli Íslands, Háskólinn á Bifröst og ReykjavíkurAkademían stóðu að Prisma. Til þess að námið gæti átt sér stað nutu aðstandendur Prisma farsæls samstarfs við aðila eins og einkafyrirtæki, menntamálaráðuneytið, Vinnumálastofnun og stéttafélög.

Prisma er tilnefnt sem eitt af fyrirmyndarverkefnum um það hvernig menntun hefur verið beitt til þess að bregðast við breytingum á vinnumarkaði á Norðurlöndunum á vettvangi NVL. NVL eru regnhlífasamtök á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar sem halda utan um verkefni um Menntun til samfélagsbreytinga. Farið verður yfir tilnefnd verkefni í Svíþjóð í byrjun september, þar sem verkefnin verða kynnt af fulltrúum þeirra og tekin til umfjöllunar af sérfræðingum völdum af NVL.

Ráðstefnur og málþing í ReykjavíkurAkademíunni

Fyrirlestraröð ÍNOR

Verkefnisstjórar: Emma Björg Eyjólfsdóttir, Þorbjörg Daphne Hall og Hlökkver Ingi Gunnarsson.

Erindin í röðinni fjölluðu öll um ímyndir Íslands og sjálfsmyndir Íslendinga með einum eða öðrum hætti og voru flutningsmenn fræðimenn af hinum ýmsu sviðum. Þannig var sjálfsmyndin rædd í ljósi bókmennta, geðlækninga og sagnfræði svo eitthvað sé nefnt. Fyrirlestrarnir voru gríðarvel sóttir, svo vel að erfitt var stundum að útvega sæti fyrir alla þá sem mættu. Fyrirlestraröðin var afar vel heppnuð enda var brýnt að ræða efni þeirra á gagnrýnin hátt.

Fyrirlestrarnir voru sem hér segir:

29. janúar: Guðmundur Oddur Magnússon prófessor í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands **Táknmyndir þjóðarinnar - þá og nú.**

12. febrúar: Sigurður Jóhannesson hagfræðingur hjá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, **Þægileg blekking og beiskur raunveruleiki.**

26. febrúar: Helga Kress bókmenntafræðingur og prófessor emeritus í bókmenntafræði við Háskóla Íslands. „**Ek em íslenskr maðr**“. **Íslendingurinn í Íslendingasögum og viðtökum þeirra.**

12. mars: Högni Óskarsson geðlæknir. Ísland, **Narcissus á Norðurhveli.**

9. apríl: Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur og stjórnarformaður ReykjavíkurAkademíunnar. „**Að hefjast í hærri stað og þaðan minnkast**“. **Um kotungshátt.**

16. apríl: Heiða Jóhannsdóttir doktorsnemi í kvikmynda- og menningarfræði við University College London. **Sjálfsmynd í kastljósi fjölmiðla.**

30. apríl: Valur Ingimundarson prófessor í samtímasögu við Háskóla Íslands. **Ísland og „norðurslóðir“ Goðsagnir, ímyndir og stórveldahagsmunir.**

7. maí: Marion Lerner menningarfræðingur frá Humboldt-háskóla í Berlín og þýðingafræðingur frá Háskóla Íslands. **Sjálfsmynd þjóðar við upphaf fjöldaferðamennsku á Íslandi.**

28. maí: Sumarliði R. Ísleifsson sagnfræðingur við ReykjavíkAkademíuna og verkefnisstjóri ÍNOR. **Sjálfsmynd Þjóðar og minnimáttarkennd.**

Þorbjörg Daphne Hall situr í stjórn Félag RA.

Málþingið „Horft á Reykjavík“ -

Ráðstefnustjórar: Emma Björg Eyjólfsdóttir og Þorbjörg Daphne Hall

Hinn 5. júní 2010 var haldið málþing á vegum ReykjavíkAkademíunnar og ÍNOR í samstarfi við Reykjavíkurborg í Þjóðmenningarhúsinu.

Horft á Reykjavík“ fjallaði um ímyndir og sjálfsmyndir Reykjavíkurborgar. Þar blönduðust saman fræði og listir í tilraun til að varpa ljósi á samspil ímynda og sjálfsmynda Reykjavíkurborgar. Reynt var að fá ungt fólk til þess að halda erindi og voru fyrirlesarar á sviði tónlistar, grafískrar hönnunnar, arkitektúr og sagnfræði. Eftir málþingið leiddi starfsmaður Þjóðmenningarhússins gesti um kvikmyndasögusýningu. Málþingið var mjög áhugavert og gaman var hversu fjölbreyttir fyrirlestrarnir voru.

Útdrættir erinda af málþinginu:

Íris Ellenberger: „Borg fyrir heilbrigða, sjálfstæða og hamingjusama kynslóð. Ímynd Reykjavíkur í Íslands- og Reykjavíkurkvikmyndum fram til 1966“

Strax í upphafi kvikmyndaaldar beindust augu kvikmyndagerðarmanna að Íslandi. Flestir þeirra lögðu áherslu á sögu og náttúru landsins og höfðu lítinn áhuga á Reykjavík. En undir lok 4. áratugarins urðu breytingar á heimildarmyndum um Ísland, svokölluðum Íslandsmyndum, sem ollu því að staða Reykjavíkur breyttist. Innlendir aðilar, sérstaklega íslenska ríkið, blönduðu sér í leikinn. Aukin áhersla var lögð á tækni framfarir og nútímavæðingu til að selja íslenskar vörur og ferðir til landsins. Reykjavík fékk þá sérstakt hlutverk sem helsta aðsetur nútímavæðingarinnar. Vegur borgarinnar jókst og um hana voru gerðar sérstakar Reykjavíkurmyndir.

Í erindinu var fjallað um Reykjavík eins og hún birtist í fjórum Reykjavíkurmyndum framleiddum á árunum 1944-1958. Einnig var litið á hlutverk borgarinnar í Íslandsmyndum á 4.-7. áratugnum. Þá var skoðað hvernig borgin verður að tákmynd íslenskrar nútímavæðingar og birtingarmynd valds Íslendinga yfir hverfulum náttúruöflunum. Litið var til þeirra hagsmuna sem lágu að baki því að skapa Reykjavík

ímynd sem andstæðu sveitanna og þeirrar þýðingar sem hin nútímavædda borg hafði fyrir samanburð Íslands við meginlandið.

Íris Ellenberger stundar nú doktorsnám við Háskóla Íslands. Rannsóknarefni hennar er danskir innflytjendur á Íslandi 1900-1970 með áherslu á félagslega stöðu, félagslegan hreyfanleika, aðlögun og þverþjóðleika.

Anna Rakel Róbertsdóttir Glad, Hilda Björg Stefánsdóttir og Katla Rós Völudóttir: „Hommar meiga líka singja fyrir Jesús“

„Hommar meiga líka singja fyrir Jesús“ er dæmi um skilaboð sem birtust í verkefni þriggja nemenda úr Listaháskóla Íslands. Anna Rakel, Hilda Björg og Katla Rós fjalla um skólaverkefnið "Einsdagsverk" sem unnið var á fyrsta ári en þróaðist út í einskönar samfélagskönnun sem endurspegladi tíðarandann hverju sinni. Verkefnið tókst svo vel til að ákveðið var að endurtaka það á öðru og þriðja ári. Það skemmtilega var hversu mikil breyting átti sér stað á þessum skrítnu tímum í samfélaginu frá árinu 2007 til 2009.

Upphaflega var okkur lagt fyrir að gleðja aðra og taka okkur út fyrir veggj skólans. Á þessum tíma stóð til að Listaháskólinn færi á Laugarveginn og því fannst okkur sú staðsetning tilvalin fyrir verkefnið. Við ákváðum að virkja starfsmenn og gangandi vegfarendur listrænt og sýna þeim svo afraksturinn í lok dags. Við þrömmuðum niður Laugarvegin snemma morguns og fengum fólk til að teikna eina mynd og skrifa eina setningu á sitt hvort blaðið. Um kvöldið héldum við sýningu á veggspjöldunum og gáfum listamönnunum, gestum og gangandi póstkort. Á málþinginu voru sýnd veggspjöldin sem gerð voru og stutt heimildamynd af ferlinu.

Anna Rakel, Hilda Björg og Katla Rós útskrifast úr grafískri hönnun LHÍ núna í vor. Verkefnið hafa þær unnið öll árin í LHÍ og koma til með að halda áfram með það eftir útskrift.

Sumarliði Ísleifsson: „Af samspili innri og ytri ímynda, drambi, hæðni og vanmetakennd“

Í fyrirlestri sínum fjallaði Sumarliði um samspil innri og ytri ímynda Íslands og gerði jafnframt grein fyrir nokkrum birtingarmyndum þessara ímynda, hvernig viðtökusaga, yfirburðahyggja, dramb, hæðni, vanmetakennd og þjóðbygging, svo nokkur hugtök séu nefnd, tengjast ímyndamótun og ímyndasögu landsins.

Sæborg: „Atlantis“

Verkið Atlantis byggir á ímyndaðri jarðsögu Seltjarnarness og notar töluleg gildi úr legu landsins til hljóðmótunar. Með breyttri sjávarhæð verða til nýjar eyjar og aðrar renna saman. Tónlistin lýsir þessu ferli og notast við tölulegar upplýsingar um hið breytilega landslag.

Sæborg er hátæknihljómsveit sem notast við umbreytt hljóðfæri, skynjara og tölvuvinnslu. Verkin eru blanda af tónsmíðum og spuna, oft með samvinnuðum myndrænum þáttum. Meðlimir Sæborgar eru Áki Ásgeirsson, Magnús Jensson og Þorkell Atlason.

Hildigunnur Sverrisdóttir: „Að nema stað“ Hugleiðing um borgina sem stað og sem birtingarmynd samfélags.

Reykjavík er höfuðþorp lítils samfélags, minni máttar í megalómanískum ramma hlutfallslega stórs lands, borgarsamfélag sem í gegnum öfgafullan skala þarf að spegla sig í flóknu ljósbroti fjarlægðar, ákafra fjölskyldutengsla, mannfæðar og stórbrotinnar náttúru. Hvernig hafa manngerðir ramar samfélagsins endurspeglad þessa þróun síðan við lýðveldisstofnun og hvert skal haldið héðan, nú á þessum tímum endurskoðunar og mótunar nýrrar framtíðarsýnar fyrir tæknilega gjaldþrota þjóðfélag?

Arkitektúr hefur eingöngu verið kenndur í tæpan áratug á Íslandi frá því námsbraut í arkitektúr var stofnuð árið 2001 við Listaháskóla Íslands og nú eru fyrstu íslensku arkitektanemarnir að vaxa úr grasi sem fá að nema í sínu eigin umhverfi, fá að spegla sig í eigin samhengi í mótunarferlinu og taka af því lærða afstöðu. Hvaða áhrif mun það hafa?

Hildigunnur Sverrisdóttir er arkitekt og stundakennari við LHÍ, Prisma og HR. Erindið var að stórum hluta byggt á samvinnu hennar við fagstjóra og lektor arkitektúrdeildar LHÍ, Sigrúnu Birgisdóttur, og skyggst var inn í rannsóknir þeirra og nemenda í arkitektúr í LHÍ.

Loflagsbreytingar á mannamáli

Verkefnisstjórar: Einar Ó. Þorleifsson og Guðrún Hallgrímsdóttir

Á vormánuðum 2010 voru haldnar tvær ráðstefnur um loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á lífríki og mannlíf í ReykjavíkurAkademíunni. Ráðstefnurnar voru kynntar undir heitinu *Loftslagsbreytingar á mannamáli*:

Áhrif loftslagsbreytinga á náttúru, lífríki og samfélag

Hnattrænt samhengi og áhrif loftslagsbreytinga á búsetu, atvinnulíf og menningu

Alls héldu níu sérfræðingar fyrirlestra um jökla, veðurfar, gróðurfar, fugla, fiska veðurfar, fjölþjóðapólitík á norðurslóðum, frumbyggja og siðfræði. Markmiðið var að skoða loftslagsbreytingarnar og framtíðarhorfur frá sem breiðustum sjónarhóli svo að sjá mætti samhengi þeirra geysilegu breytinga sem að nú eiga sér stað og í vændum eru. Ágætlega var mætt á atburðina og voru líflegar umræður um þessa mestu ógn nútímans sem loftslagsbreytingarnar eru á heimsvísu. Fundarstjórar voru Guðrún Hallgrímsdóttir og Sólveig Ólafsdóttir.

Málþing *Glíunnar*, ReykjavíkurAkademíunnar og Skálholtsskóla

Verkefnisstjóri fyrir hönd RA: Dr. Clarence E. Glad guðfræðingur

Málþingið var haldið laugardaginn 30. október 2010 og var yfirskrift þess eftirfarandi:

„Mikið er nú rætt um þörfina á því að breyta leikreglum íslensks samfélags, gildismati þess og umræðuhefð. Segja má að bæði orsakir og fyrstu afleiðingar efnahagskreppunnar hafi einkum sært réttlætiskennnd fólks: sjálfbirgingsháttur og ábyrgðarleysi eru talin til ástæðna kreppunnar og áhrif hennar á almenning eru umfram allt ósanngjörn. Þessar breyttu aðstæður má þó nýta sem tækifæri til þess að endurmóta samfélagið og stuðla að auknu þjóðfélagslegu réttlæti.“

Fyrirlestrar málþingsins voru sem hér segir:

Clarence E. Glad, guðfræðingur: **Réttlæti, sjálfsmynd og samfélagssýn á upphafsárum kristni**

Sigurjón Árni Eyjólfsson, guðfræðingur: **Viðurkenning og réttlæti(ng)**

Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, stjórnsýslufræðingur: **Samfélagssýn og ábyrgð kjósenda**

Jón Ólafsson, heimspekingur: **Sannleikur og lygi**

Ólafur Páll Jónsson, heimspekingur: **Réttlæti og vald**

Egill Arnarson, heimspekingur: **Mergð eða sjálfsvera? Um hugsanlegt eðli búshaldabyltingarinnar**

Jóhanna K. Eyjólfsdóttir, mannfræðingur: **Skipta mannréttindi máli í viðskiptum?**

Einar Már Guðmundsson, rithöfundur: **Vangaveltur um stöðuna**

Fundarstjóri var Kristinn Ólason, guðfræðingur

Þetta er sjöunda málþingið sem *Glíman* skipuleggur í samvinnu við ReykjavíkurAkademíuna og Skálholtsskóla

Fullgildir Borgarar? - Dagsbrúnarfyrirlestur

Verkefnisstjóri: Sumarliði R. Ísleifsson sagnfræðingur.

Fimmtudaginn 11. nóvember kl. 12:05 var haldinn að venju svokallaður Dagsbrúnarfyrirlestur í samstarfi við Eflingu stéttarfélag. Að þessu sinni flutti Ragnheiður Kristjánsdóttir sagnfræðingur fyrirlesturinn “Fullgildir Borgarar? - Um nýtt fólk í stjórn málaumræðunni fram að lýðveldisstofnun.”

Úrdráttur fyrirlestrarins er eftirfarandi:

„Eitt helsta verkefni alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar var að berjast fyrir því að skjólstæðingar hennar teldust fullgildir borgarar. Í fyrirlestrinum verða færð rök fyrir því að á Íslandi hafi þessi þáttur verkalýðsbaráttunnar ekki síst falist í tilraunum til að endurmóta íslenska þjóðernisstefnu. Sýnt verður fram á að verkalýðshreyfingin hafi allt frá upphafi ráðist gegn þeim þáttum hennar sem samrýmdust illa sósíalískri stjórn málaorðræðu, reynt að endursegja þjóðarsöguna, skilgreina upp á nýtt og á sínum forsendum grunnþætti íslenskrar þjóðernissjálfsmyndar. Jafnframt verða borin saman

áhrif þjóðernisstefnu á stjórn málaarma verkalýðshreyfingarinnar, Alþýðuflokkinn annars vegar og Kommúnistaflokkinn (og síðar Sósíalistaflokkinn) hins vegar.“

Ragnheiður Kristjánsdóttir er aðjunkt í sagnfræði við Háskóla Íslands. Fyrirlesturinn byggir á bók hennar og doktorsritgerð, *Nýtt fólk. Þjóðerni og íslensk verkalýðsstjórn mála 1901–1944*.

Gammablossar

Verkefnisstjóri: Dr. Sigurður Gylfi Magnússon sagnfræðingur.

Fyrirlestraröðin Gammablossar í ReykjavíkurAkademíu var haldin einu sinni í mánuði á árinu 2009. Síðasti Gammablossafyrirlesturinn var haldinn 5. febrúar 2010. Þá hélt Valgerður H. Bjarnadóttir fyrirlesturinn Vanadísarsaga, völvu og valkyrju - helgar ímyndir úr minni íslenskrar konu

Yfirlit fyrirlestrarins:

„Sögurnar og goðsagnirnar sem við erfðum og köllum okkar, eru skráðar minningar einstaklinga úr ýmsum samfélögum, en sem byggðu Ísland frá 9.öld. Flestar eru skráðar af kristnum körlum einhverjum öldum eftir að sögurnar urðu til og þau sem hafa túlkað þær á síðustu öldum, gera það flest út frá karllægum, kristnum, bókmenntalegum, vestrænum, línulegum og rökrænum viðhorfum.“

Valgerður lauk prófi í félagsráðgjöf frá Noregi 1980, BA í heildrænum fræðum (Integral Studies) með áherslu á draumafræði, frá California Institute of Integral Studies í San Fransískó 1996 og MA í femínískri trúarheimspeki og menningarsögu (Philosophy and Religion, Concentration in Women's Spirituality) með áherslu á norræna goðafræði og gyðjutrú, frá sama skóla 2001. Hún hefur starfað að málefnum kvenna, kennslu og ráðgjöf í áratugi og hefur fjölþætta reynslu að baki. Valgerður er nú sjálfstætt starfandi og hefur aðsetur í AkureyrarAkademíunni.

Freyjuginning - upplestur og pallborðsumræður

Verkefnisstjóri: Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur.

Þriðjudaginn 1. júní 2010 las rithöfundurinn Christina Sunley upp úr skáldsögu sinni *Freyjuginningu*. Eftir upplesturinn fóru fram pallborðsumræður þar sem m.a. var fjallað

almennt um vesturferðir Íslendinga með skírskotun til nútímans, hvort vesturfararnir hafi verið ævintýramenn eða svikarar við þjóð sína og hvort Íslendingar líti vesturfara fortíðar sömu augum og innflytjendur nútímans? Þátttakendur í pallborðinu auk Christinar voru Hallfríður Þórarinsdóttir mannfræðingur, Lolita Urboniene, einn af stofnendum Félags Litháa og Íslendinga, Ólafur Arnar Sveinsson sagnfræðingur og Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur sem stýrði umræðum.

Einkavæðing, markaðsvæðing, hnattvæðing - fyrirlestraröð

Verkefnisstjóri: Viðar Þorsteinsson heimspekingur.

Attac á Íslandi og ReykjavíkurAkademían stóðu fyrir fyrirlestraröð um einkavæðingu, markaðsvæðingu og hnattvæðingu undanfarinna áratuga á vordögum 2010.

Fyrirlestrarnir voru eftirfarandi:

1. maí. Anna Karlsdóttir landfræðingur við Háskóla Íslands. **„Fyrirtækjaræði og lögleysur félagslegrar ábyrgðar í samtímanum.“**

27. maí: Guðmundur Jónsson prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands. **„Hnattvæðingin og efnahagslegt öryggi Íslendinga.“**

10. júní: Magnús Sveinn Helgason hagsögufræðingur. **„Að græða á daginn og grilla á kvöldin“, Nýfrjálshyggjan sem menningarlegt fyrirbæri.**

24. júní: Viðar Þorsteinsson heimspekingur. **„Nýfrjálshyggjan er ekki til.“**

Dalir og hólar 2010 - ferðateikningar- fyrirlestrar

Verkefnisstjórar Hoffmannsgallerís: Kristinn G Harðarson og Sólveig Aðalsteinsdóttir.

Föstudaginn 1. október 2010 opnaði í Hoffmannsgalleríi sýningin Dalir og hólar 2010 - ferðateikningar. Á sýningunni voru úrval verka frá sýningunni Dalir og hólar 2010 - ferðateikningar; sem var í Dölum og Reykhólahreppi og stóð yfir í júlí og ágúst 2010. Sýningarstaðirnir voru í gamla skólahúsinu í Ólafsdal við Gilsfjörð, í fyrrum kaupfélagshúsinu í Króksfjarðarnesi, í gamla samkomuhúsinu Röðli á Skarðsströnd og í hlöðurými að Nýp á Skarðsströnd.

Um sýninguna segja verkefnisstjórar eftirfarandi:

„Sýningin kallaðist á við sýningarnar Dalir og Hólar 2008 og 2009 að því leyti að hún hafði að markmiði að taka þátt í mannlífi svæðisins, efna til samstarfs við heimamenn og leiða sýningargesti í ferðalag um Breiðafjörð, Gilsfjörð og Dali. En hún kallaðist jafnframt á við ákveðna alþjóðlega hefð innan myndlistarinnar. Verkin á sýningunni eru nokkuð sem kalla mætti ferðateikningar; teikningar sem skrásetja eða segja frá ferðalagi á einhvern hátt - hugleiðing, hugmynd eða raunveruleg ferð sýnd; - að fjalla um ferðalagið og / eða staðina sem farið er til. Grundvöllur sýningarinnar er þannig í anda ákveðinnar hefðar sem listamenn eins og Collingwood og Ásgrímur Jónsson voru hluti af svo dæmi sé tekið, en báðir gerðu þeir teikningar á ferðum sínum um landið. Hjá sumum listamönnum sem unnu í anda þessarar hefðar var þetta undirbúningur fyrir stærri verk, aðrir voru e.t.v einungis að festa útsýnið í minni sér og hjá enn öðrum var þetta fag og fjölmiðlun; gerðar voru ætingar eftir teikningum þeirra og þær prentaðar í ferðabókum eða dagblöðum sem fjölluðu um viðkomandi lönd eða svæði. Í myndlist og bókmenntum á 20. og 21. öld hefur ferðalagið hins vegar oft yfirfærða merkingu; þá er ferðalagið ekki endilega áþreifanlegt en hefur vísun í huglægt ástand eða tilfærslu.

Við Breiðafjörð og í Dölum hafa margir listamenn sögunnar og samtíðarinnar slitið bernskuskóm eða unnið lífsverk sitt. Svæðið býr yfir fjölskrúðugri náttúru, fjölbreyttu dýralífi, menningu og sögu, og er enn sem fyrr ótæmandi uppspretta nýrra verka og nýsköpunar í listum.

Sýningarstjórn var höndum Helga Þorgils Friðjónssonar, Kristins G. Harðarsonar og Þóru Sigurðardóttur.“

Föstudaginn 8. október var haldin fyrilestraröð í tengslum við sýninguna. Fyrirlestarnir voru eftirfarandi:

Ólafur Gíslason, listfræðingur. **Frá Eggert og Bjarna til Einars Garibalda.**

Margrét Elísabet Ólafsdóttir, fagurfræðingur. **Pelhjan, Biederman og innfæddir á veiðislóðum Kanada.**

Bókaútgáfa ReykjavíkurAkademíunnar

Expansions: Competition and Conquest in Europe since the Bronze Age eftir Axel Kristinsson.



Á haustdögum gaf ReykjavíkurAkademían út bókina *Expansions: Competition and Conquest in Europe since the Bronze Age* eftir Axel Kristinsson.

Um bókina segir höfundurinn: „Mörg samfélög manna hafa tekið upp á því að þenjast út með tilheyrandi landvinningum og landnámi. Af hverju gera sum samfélög þetta en önnur ekki? Hér er sett fram kenning sem getur skýrt mörg eða flest þessara tilvika svo sem útbenslu Grikkja á 7. og 6. öld f. Kr., Rómverja, Germana, Víkinga og Evrópu á 19. og 20. öld. Um leið er mótuð sagnfræðileg aðferð þar sem meiri áhersla er lögð á að leiða í ljós almenn sannindi um þróun mannglegra samfélaga fremur en að skýra einstök tilvik“

Axel Kristinsson (f. 1959) er sjálfstætt starfandi sagnfræðingur sem hefur einkum rannsakað félagspólítíska sögu Íslands á miðöldum og árnýöld. Á síðari árum hefur hann þó einkum fengist við sína eigin útgáfu af makró-sagnfræði þar sem nálgun þróunarfræði og flækjufræði er beitt til að leiða í ljós almenn lögmál um þróun samfélaga. Axel býr í Reykjavík og ræktar tré í tómstundum.

Bókin er á ensku. Heimasíða höfundar er <http://www.axelkrist.com/>

Atvik

Atviksritröð ReykjavíkurAkademíunnar lá niðri á árinu 2010.

Ritröðin Íslensk menning í samstarfi við Hið Íslenska bókmenntafélag.

Ritstjóri að hálfu RA: Þorleifur Hauksson íslenskufræðingur

Síðasta bókin í floknum kom út 2009, og var algerlega á könnu Þorleifs. Á árinu hefur Þorleifur gerð áætlanir og gluggað í handrit og efnisútdrætti bóka.

Félög, fyrirtæki og stofnanir til húsa í ReykjavíkurAkademíunni

Ítarlegan lista yfir félög, fyrirtæki og stofnanir sem eru til húsa í ReykjavíkurAkademíunni má finna [hér](#).

Auk þess er félagið Matur-saga-menning með aðsetur í RA- sjá www.matarsetur.is

Starfsemi Félags ReykjavíkurAkademíunnar

Fyrir í skýrslunni er getið um Stúdentastofu Félags RA.

Styrkur

Hinn 10. nóvember 2010 barst stjórn Félags ReykjavíkurAkademíunnar beiðni um styrk vegna verkefnisins Án áfangastaðar sem samanstóð m.a. af ráðstefnu og myndlistarsýningu og var stýrt af Gunnþóru Ólafsdóttur landfræðingi í RA og Markúsi Þór Andréssyni sýningastjóra. Stjórn félagsins ákvað að styrkja verkefnið um 150.000 krónur og var styrknum ætlað að standa straum af kostnaði við ritstjórn á greinum upp úr fyrirlestrum sem fluttir voru á ráðstefnunni Practicing Nature Based Tourism 5.-6. febrúar 2011. Þetta var í fyrsta sinn sem félagið styrkir verkefni af þessu tagi með beinum fjárstyrk og er stefnt að því að framhald verði þar á.

Öndvegiskaffi:

Fyrir um það bil þremur árum var tekin upp sú hefð á vegum Félags Reykjavíkurakademíunnar að halda hálfsmánaðarlega svokallað Öndvegiskaffi. Annan hvern miðvikudag, kl. 10 - 11 býður Félag RA innanhúsfólki upp á brauð og rúnstykki með osti og sultum með kaffinu. Einn innanhúsfélagi heldur þá litla framsögu um þau verkefni sem hann er að fást við hverju sinni og síðan eru umræður og spjall um það.

Lagt var upp með frá upphafi að þetta form væri ætlað til kynningar meðal demóna innanhúss á því hvað hver og einn er að fást við á þeim og þeim tíma og því hvorki formlegur né opinn fyrirlestur. Ekki mætti eyða neinum tíma að ráði í undirbúning og ekki væri boðið upp á hjálpargögn eins og sýningartjald fyrir power-point eða slíkt. Ástæðurnar fyrir þessu formi voru fjórbættar: Í fyrsta lagi mætti undirbúningur ekki taka tíma frá vinnu viðkomandi akademóns, í öðru lagi ætti kynningin að vera á óformlegum nótum því með því skapaðist meiri nánd meðal viðstaddra, í þriðja lagi yrði

auðveldara að fá fólk til að hafa framsögu en ef þetta væri formlegur fyrirlestur og í fjórða lagi væri ekkert greitt fyrir framsögunu.

Skemmst er frá því að segja að þessi nýbreyttni hefur mælst vel fyrir, akademónar hafa bæði verið afar fúsir til að kynna verkefni sín í Öndvegiskaffi og mæting hefur yfirleitt verið mjög góð og umræður fjörugar og fræðandi. Til að byrja með voru að meðaltali um 20-25 demónar mættir en nú í vetur hefur venjuleg mæting verið um 35 manns að meðaltali.

Umsjónarmenn Öndvegiskaffis telja að hugmyndin um Öndvegiskaffi hafi sannað sig og lukkast vel, því að með því hafi akademónar fengið meiri hlutdeild í starfi hvers annars með því að kynnast því hvað hver og einn er að bauka í sínum krók. Öndvegiskaffi hefur ekki verið starfandi yfir sumarmánuðina enda er þá meira los á fólki og færri starfandi að jafnaði. En sú hefð hefur jafnframt komist á að í fyrstu tveimur til þremur Öndvegisköffum (!!!) haustsins mæta akademónar með sultur úr haustuppskeru sinni og hefur alltaf borist fjöldinn allur af ljúffengum sultum og hlaupum, mörgum hverjum af afar óhefðbundnu tagi.

Umsjónarmenn Öndvegiskaffis frá upphafi hafa verið Guðrún Hallgrímsdóttir og Ingunn Ásdísardóttir, sem hafa jafnframt notið ómældrar aðstoðar Diddu, Óla Hrafns og Davíðs auk annarra tilfallandi.

Félagslíf:

Í gegnum tíðina hefur verið bryddað upp á ýmisskonar félagslífi og skemmtunum innan ReykjavíkurAkademíunnar. Á fyrstu árum hennar var stundað jóga í salnum frammi í tuttugu mínútur fyrir hádegi daglega og alltaf fastur hópur sem mætti í það. Farnar hafa verið gönguferðir á sumrum, bæði innanbæjar og utan og tvisvar hefur verið farið í sjóstangveiði út á Faxaflóa með misjöfnum árangri. Starfsemi af þessu tagi hefur verið stundum meiri, stundum minni allt eftir aðstæðum og frumkvæði hverju sinni. Þó virðist nokkuð einsýnt að ekki verði gerðar tilraunir til fleiri sjóferða.

Fastir liðir í félagslífi RA til fjölda ára eru þrír. Er það vikuleg sælustund á föstudagseftirmiðdögum, jólahlaðborð sem haldið er í desember og árshátíð sem haldin er á útmánuðum. Er þetta mjög vinsælir viðburðir og hafa undantekningarlaust tekist vel.

Á sælustund fást léttar veitingar á mjög sanngjörnu verði, þá koma akademónar saman í eina til tvær klukkustundi og spjalla um málefni líðandi stundar og slaka á eftir vinnuvíkuna.

Eftir nokkurra ára umsjón Rannveigar Lund með sælustund, skilaði hún góðu búi í hendur Jóni Viðari Jónssyni og Aðalsteini Eyþórssyni, enda hafði Rannveig innheimt sælustundarskuldir af fádæma harðfylgi svo minnti á harðsvíraða bankamenn. Aðalsteinn og Jón höfnuðu algerlega skuldasöfnun akademóna og kröfðust staðgreiðslu á sælustund. Aðalsteinn tók síðan einn við umsjón sælustundar og tók þá í samvinnu við Ólaf Hrafn, upp þá nýbreytni að hafa til sölu akademískar áfengiseiningar, 10 saman í pakka sem hægt er að greiða með korti, svo ekki sé nauðsynlegt að vera með skotsilfur í vasanum. Hefur það mælst ágætlega fyrir.

Í framhaldi af „stóra sófamálinu“ sem upp kom út af grænum sófa fyrir tveimur árum, stofnaði Aðalsteinn jafnframt Sófagalleríð sem var góð viðbót við Hoffmannsgallerí og með aðrar áherslur. Í Sófagalleríi hafa verið haldnar þrjár málverkasýningar og ein ljósmyndasýning, sem allar hafa fengið prýðilegar viðtökur. Því miður verður Sófagalleríð væntanlega lagt niður í núverandi mynd vegna breytinga á húsnæðismálum Akademiunnar en vonir standa til að hægt verði að opna það aftur á nýjum stað.

Árshátíð ReykjavíkurAkademiunnar var haldin með óhefðbundnu sniði á útmánuðum 2010. Í stað þess að leigja sal og kaupa mat og vín svo sem venja hefur verið, var farið í rútu upp í Hengil þar sem farið var í langa og vindasama gönguferð undir forystu Einars Þorleifssonar. Komu allir heilir úr þeirri ferð þótt sumir væru nokkuð hraktir. Síðan var ekið á Þingvöll þar sem ævisöguritarar ReykjavíkurAkademiunnar sögðu frá sínum mönnum, hvor á sínu leiðinu, Páll Valsson á leiði hins danska slátrara sem gengur undir nafni Jónasar Hallgrímssonar og Guðjón Friðriksson á leiði hins fyrsta íslenska útrásarvíkings, Einars Benediktssonar. Sögðu þeir skemmtilega frá sínum mönnum og var gerður góður rómur að máli þeirra. Að því búnu var ekið í Grafninginn þar sem þau heiðurshjón Björn Friðfinnsson og Iðunn Steinsdóttir tóku á móti akademónum í myndarlegum sumarbústað sínum í fögru umhverfi. Þar var etin ein mikil fiskisúpa og salöt og skemmtu akademónar sér vel fram eftir kvöldi uns ekið var aftur heim. Var

gerður góður rómur að þessari nýbreytni í árshátíðarhaldi. Er þeim Birni og Iðunni kærlega þakkaður höfðingsskapur sinn.

Jólahlaðborð ReykjavíkurAkademiunnar var haldið í desember í stóra salnum og var með hefðbundnu sniði. Komu akademónar sjálfir með mat í hlaðborðið að venju og gekk þar enginn svangur frá, enda hafa menn það að markmiði að hver kemur með nóg handa öllum! Að venju söng Didda fyrir okkur og að þessu sinni hélt Páll Valsson hátíðaræðu. Hafði hann ekki um margt að ræða enda lítt kunnugur í völuháttum póstmóðernismans, var stuttur og þurr á manninn og bjargaði sér úr klípunni með því að munstra upp lítinn kór sem hann er meðlimur í og láta syngja fyrir akademóna. Spilaði Páll sjálfur á ukulele með kórnum. Þótti Páll hafa sloppið naumlega fyrir horn í þröngri stöðu. Var það og mál manna að salurinn hefði verið óvenju fagurlega skreyttur á þessu jólahlaðborði og er þar óskeikulum smekk Sesselju G. Magnúsdóttur fyrir að þakka.

Sú nýbreytni var tekin upp að halda jólatrésskemmtun á milli jóla og nýárs og sett upp fagurlega skreytt jólatré. Mættu þar nokkrir akademónar með börn sín og barnabörn. Þorleifur Hauksson las jólasögu, jólasveinn kom og skemmti börnunum og gengið var í kringum jólatré og sungin jólalög. Einnig þótti ungum gestum ekki leiðinlegt að hlaupa eftir göngum ReykjavíkurAkademiunnar endilöngum. Að lokum fengu allir heitt súkkulaði með rjóma og piparkökur. Áætlað er að halda jólatrésskemmtun framvegis og gera að hefð.

Fylgiskjal með ársskýrslu 2010

Helstu verkefni fræðimanna í ReykjavíkurAkademíunni á árinu 2010

Fræðimönnum RA gafst kostur á að senda inn lista yfir þau verkefni sín á árinu 2010 sem ekki tengjast RA beint. Eftirfarandi fræðimenn sendu inn upplýsingar og er textinn þeirra:

Björn Stefánsson - Lýðræðissetrið

Eftir Björn S. Stefánsson komu út tvær bækur á árinu, [Votaciones Posicionales y](#) [Votaciones de Fondos hjá Ediciones Gondo](#) í Toledo á Spáni og [Fólkaval við raðvali og grunnvali](#) hjá Stíðin í Þórshöfn í Færeyjum. Lýðræðissetrið stóð fyrir almennu sjóðvali í Skaftárhreppi. Forstöðumaður birti ýmsar blaðagreinar um aðferðir við atkvæðagreiðslu og sjóðval.

Clarence Glad

PhD í trúarbragðasögu (Sérsvið: Nýjateamentisfræði og saga frumkristni).

Sjálfstætt starfandi fræðimaður og kennari.

I. RANNSÓKNIR et al.

A) Þátttakandi alþjóðlegum samstarfsverkefnum

1) Iceland and Images of the North, 2007-2010.

Gengið frá grein til birtingar: “The Greco-Roman heritage and Image Construction in Iceland 1830-1918,” in Iceland and Images of the North, eds. Sumarliði R. Ísleifsson & Daniel Chartier (Québec: Presses de l'Université du Québec, “Droit au Pôle” series, and Reykjavík: ReykjavíkurAkademían, 2011), pp. 67-113.

2) Prentsmiðja fólksins. Handrita- og bókmennning síðari alda

Verkefnisstjóri: Matthew James Driscoll, Lecturer, Head of section, Curator. Department of Scandinavian Research, Copenhagen University. Undirritaður hyggst kanna útgefna þýðingar biblíutexta í handritum á 17., 18. og 19. öld.

3) Íslenskar fornritarannsóknir og þjóðarmennning 1780-1918

Undirritaður er verkefnisstjóri ásamt Gylfa Gunnlaugssyni, cand. mag. Samstarfsaðilar: Gottskálf Þór Jenson, prófessor við HÍ, Julia Zernak, prófessor við Johann Wolfgang Goethe-Universität, og Matthew James Driscoll, Lecturer, Head of section, Curator. Department of Scandinavian Research, Copenhagen University. Verkefnið er á undirbúningsstigi.

B) Líkami og losti á upphafsárum kristni. Lokaár rannsóknar styrkt af Rannís.

C) Grísk-rómversk arfleifð, nýhúmanismi og mótun „íslenskrar“ þjóðmenningar. Hagþenkir veitti undirrituðum starfsstyrk árið 2010 vegna þessa verkefnis.

D) Útgefin bók:

Paul and Philodemus. Adaptability in Epicurean and Early Christian Psychagogy. NovTSup 81. 2. útg. Atlanta: Society of Biblical Literature, 2010.

E) Birtar greinar:

1) „Etnísk orðræða og mótun líkamlegrar samfélagsvitundar á upphafsárum kristni,“ Glíman 7. árg. 2010, 29-62.

2) „Falinn fjársjóður,“ Glíman 6. árg. 2009, 9-30

II.

EITT OG ANNAÐ

1. Úthlutað af Alþingi Íslendinga fræðimannsíbúð Jóns Sigurðssonar 28. júlí - 31. ágúst. 2010 vegna rannsókna í Kaupmannahöfn. Verkefni: Klassísk menntun á Íslandi.

2. Ferðastyrkur Ledderstedtska Föreningen og Ferða og menntunarstyrkur Hagþenkis árið 2010.

3. Undirbúningur að sjöunda árlega málþingi Glímunnar, ReykjavíkjurAkademíunnar og Skálholtsskóla í ReykjavíkjurAkademíunni 30. október 2010 undir heitinu Réttlætiskennd og samfélagssýn.

4. Ritstjórn:

Ímyndir og ímyndafræði. Greinasafn. Ritstjóri: Clarence E. Glad. Þýðandi: Árni Óskarsson. INOR-Ísland og ímyndir norðursins / ReykjavíkjurAkademían, 2011.

Árni Daníel Júlíusson, Saga ReykjavíkjurAkademíunnar. Ritstjórn: Clarence E. Glad, Sigurður Gylfi Magnússon og Viðar Hreinsson. ReykjavíkjurAkademían, 2009.

5. Breytingarstjóri í sögu og félagsfræði í Menntaskólanum við Sund (1. jan. – 31. maí, 2010) vegna vinnu við nýja skólanámsskrá. Í þeirri námskrá vinnu bar ég ábyrgð á fimm áföngum á almennum kjarna og brautarkjarna, þ.e. lífsleikni, samfélagsfræði, félagsfræði og tveimur söguáföngum

6. Önnur námsskrárvinna: Þróunarstyrkir Menntaskólans við Sund og úr Þróunarsjóði námsgagna í Mennta- og menningarmálaráðuneytinu vegna verkefnisins Mannréttindi í sögu og samtíð.

7. Umsjón með fjórum útvarpsþáttum um Pál postula í útvarpsþáttunum Lárétt eða lóðrétt, 5., 11., 18 og 25. jan. 2009.

8. Fyrirlestrar og erindi:

31. október, 2010

„Réttlæti, sjálfsmynd og samfélagssýn á upphafsárum kristni.“ Erindi flutt á ráðstefnu ReykjavíkurAkademíunnar, Grettisakademíunnar og Skálholtsskóla í ReykjavíkjurAkademíunni um Réttlætiskennnd og samfélagssýn.

31. maí, 2010

„Musterissamlíkingin og kristin sjálfsmyndarmótun.“ Fyrirlestur fluttur á guðfræðimálstofu Prestafélags hins forna Hólastiftis að Hólum í Hjaltadal, dagana 30. maí – 1. júní, 2010, um efnið: Musteri Guðs – Myndhverfa hjálpræðis og helgunar.

11. des. 2009

„Ummyndanir við upphaf kristni.“ Erindi flutt á málþingi í Reykjavíkur Akademíunni til heiðurs Kristjáni Árnasyni í tilefni af útgáfu þýðingar hans á Ummyndunum Óvíds.

15. nóv. 2009

„Etnísk orðræða og mótun líkamlegrar samfélagsvitundar á upphafsárum kristni.“

Erindi flutt á ráðstefnu ReykjavíkurAkademíunnar, Grettisakademíunnar og Skálholtsskóla í Skálholtsskóla, 15.-16. nóv, 2009, um Þjóðernisímyndir.

30. maí, 2009

Greco-Roman heritage in 19th century Iceland and image construction in the North.

Upplestur á ritgerð minni í öndvegisverkefninu Iceland and Images of the North (Rannís, 2007-2010). Vinnufundur á Hólum í Hjaltadal, 28.-31. maí, 2009.

6. jan., 2009

Fyrstu kristnu trúvarnarritin, inntak og áherslur og Trúvörn í Postulasögunni – Ræða Páls postula á Aresarhæð. Tveir fyrirlestrar fluttir á ráðstefnu Þrettánda-Akademíunnar í Skálholti, dagana 5.-7. janúar, 2009, um Kristna trúvörn.

III. KENNSLA

Menntaskólinn við Sund:

Veturinn 2010-2011

MEN 1M3, Menningarsaga: Heimspeki- og trúarbragðasaga (3 st. H10/V11). Einn bekkur.

SAG 2N3, Mannkyns- og Íslandssaga (3 st., H10/V11). Þrír bekkir.

Leiðbeinandi kjörsviðsverkefna 20 nemenda á 4. ári í sögu og menningarsögu.

Veturinn 2009-2010

TRÚ 3V3, Trú og trúarbrögð heims á líðandi stund (6 st., V10).

MEN 1M3, Menningarsaga: Heimspeki- og trúarbragðasaga (3 st. H09/V10). Einn bekkur.

SAG 2N3, Mannkyns- og Íslandssaga (3 st., H09/V10). Þrír bekkir.

Leiðbeinandi kjörsviðsverkefna 12 nemenda á 4. ári í sögu og menningarsögu.

Háskóli Íslands (Guðfræði- og trúarbragðafræðideild):

Haustið 2010: Samtíðarsaga ásamt inngangsfraði Nýja testamentisins (8e.)

Haustið 2009: Samtíðarsaga ásamt inngangsfraði Nýja testamentisins (8e.)

Vorið 2009: Ritskýring Nýja testamentisins: Jóhannesarguðspjall (8 e.)

Daíð Ólafsson

Sjá greinargerð fyrir í skýrslunni

Eiríkur Bergmann

A. Rannsóknir

Grein í fræðiriti

Valdakerfi riðlast - forsetinn tekur sviðið

Svar við spurningu Sögu: Hverjar eru sögulegar rætur 26. greinar íslensku stjórnarskrárinnar? Sérfræðingar um sögu stjórnarskrárinnar svara spurningu Ragnheiðar Kristjánsdóttur. Í Sigrún Pálsdóttir. Saga - tímarit Sögufélagsins. Vor 2010, 16-60.

Vinnugrein

The root's to Iceland's foreign relations

Conference paper. Microstates in the margins of Europe: Postcolonial Sovereignty games. Centre for European Studies. Copenhagen University. May 31st to June 1st 2010.

Erindi á vísindaráðstefnum

Icelandic Financial Crisis: From Independence Struggle to Viking Capitalism

Conference proceeding. SGIR 7th Pan-European International Relations Conference. ECPR conference in Stockholm. September 9-11, 2010.

Imagined Recovery: The Justification of Worth in the Icelandic Financial Crisis

Conference proceeding. "Imagined Recovery": Cultural Political Economy and the 2007-2009 Finance-Led Crisis. Workshop at Swansea University. June 4th 2010. [With Berry, David and Belfrage, Claes].

The root's to Iceland's foreign relations.

Conference proceeding. Microstates in the margins of Europe: Postcolonial Sovereignty games. Centre for European Studies. Copenhagen University. May 31st 2010.

Fræðilegt erindi

Why Iceland has been reluctant to join the EU

Seminar in Eduskunta [Finish parliament]. Helsinki. May 6th 2010

Yfirburðarþjóðin og umsátrið - áhrif þjóðernishugmynda á ákvarðanatöku í íslensku samfélagi

Háskólinn í Reykjavík og Háskólinn á Akureyri, 24. og 25. apríl 2010

Hvað er þetta ESB?

Erindi á lögfræðitorgi í Háskólanum á Akureyri, 3. febrúar 2010

Yfirstandandi rannsóknir

Iceland and the EEA agreement 1994-2010.

Part of a broad-based research review of the EEA Agreement, established by the Norwegian Government and undertaken by an independent research committee.

Imagined Recovery: The Justification of Worth in the Icelandic Financial Crisis

With Berry, David and Belfrage, Claes. Fyrirhuguð birting 2013 í fræðiritinu *Economy and Society*

Sjálfstæð þjóð - greining á þjóðernisorðræðu í stjórnámálum.

Útgáfa bókar fyrirhuguð á fyrri hluta árs 2011.

Microstates on the periphery of Europe: Postcolonial Sovereignty games – The Nordic Experience (MEPS-Nordic).

[Þátttakandi í norrænu verkefni sem er ætlað að greina fullveldishugmyndir í örríkjum Norðurlanda; á Grænland, Færeyjum, Álandseyjum og Íslandi auk Noregs sem þó fellur ekki undir skilgreiningu örríkis]. Verkefnisstjórn er í höndum Kaupmannahafnarháskóla. Fyrirhuguð birting í fræðiritinu *Cooperation and Conflict* árið 2011.

Ideas on Europe: National and EU political discourse – the case of Iceland.

Hluti af SENT-verkenfinu. [Kafli í bók sem Palgrave gefur út]. Fyrirhuguð birting er 2010. Ritstjóri er dr. Cláudia Toriz Ramos.

The Development of EU studies in Political Sciences - European studies in Iceland. Hluti af SENT-verkenfinu. [Kafli í bók sem Palgrave gefur út. Fyrirhuguð birting er 2011]. Ritstjóri er dr. Federica Bindi.

B. Kennsla

Fullt starf háskólakennara

100% starf sem dósent, einnig forstöðumaður Evrópufræðaseturs án starfshlutfalls.

Evrópufræði. HHS. Hausti 2010

Hnattvæðing. HHS. Vor 2010 (Ásamt fleiri kennurum).

Alþjóðleg stjórnun. Vor 2010. Viðskiptadeild. (Ásamt fleiri kennurum).

Ísland í evrópsku samstarfi. Meistaránám í Evrópufræði. Hausti 2010

Tútor. Vor og haust

Annað

Leiðbeinandi í 6 BA-ritgerðum

C. Stjórnun

Forstöðumaður rannsóknastofnunar

Forstöðumaður Evrópuaseturs Háskólans á Bifröst

Annað

Deildarfundir í félagsvísindadeild.

D. Þjónusta

Fræðsluefni fyrir almenning, þ.m.t. útvarps- og sjónvarpsefni

Fjandanum stökkt á flóttu, DV, 29. desember 2010

Að leysa upp vald, DV, 17. desember 2010

Hvað segja íslensk stjórnvöld?, DV, 10. desember 2010

Kærar þakkir, DV, 3. desember 2010

Týnda landið, DV, 26. nóvember

Hatrammar háskóladeilur, DV, 19. nóvember 2010

Siðrofið og samfélagssáttmálinn, DV, 12. nóvember 2010,

Bandaríki Norðurlanda. DV, 5. nóvember 2010

Is a federal Nordic state on the cards?, The Guardian, 2. nóvember 2010

Anarkismi - hvað er nú það?, DV, 22. október 2010

Lýðræðishugmyndir Vilmundar, DV, 15. október 2010

Hverju er fólkið að mótmæla?, DV, 8. október 2010

Nú er hún Snorrabúð stekkur , DV, 1. október 2010

Stóra prófið, DV, 24. september 2010

Baráttan um Ísland, DV, 17. september 2010

Óleystu málin bíða enn, DV, 10. september 2010

How Iceland lost its soul, The Guardian, 13. apríl 2010

Hvers vegna var Icesave tekið úr sáttferlinu?, Fréttablaðið, 27. janúar 2010

Iceland is still reeling, The Guardian, 5. janúar 2010

Týndi áratugurinn, Fréttablaðið, 30. Desember 2009

Annað

Regluleg álitsgjöf í velflestum fjölmiðlum á Íslandi og víða erlendis, svo sem í Financial Times

Guðjón Friðriksson

Guðjón Friðriksson sagnfræðingur: Verkefni ársins 2010 voru tvíþætt. Annars vegar að leggja lokahönd á handrit að tveggja binda verki, Sögu Kaupmannahafnar sem höfuðborgar Íslands, sem ég hef unnið að undanfarin ár ásamt Jóni Þ. Þór sagnfræðingi. Hins vegar margvísleg textagerð vegna 200 ára afmælis Jóns Sigurðssonar forseta árið 2011; sýningartextar, margmiðlunartextar og bæklingar.

Guðni Th. Jóhannesson

Ritrýnd verk

Gunnar Thoroddsen. Ævisaga (Reykjavík: JPV, 2010).

„Bylting á Bessastöðum. Embætti forseta Íslands í valdatíð Ólafs Ragnars Grímssonar“. Skírnir 184. ár (vor 2010), bls. 61-99.

„Country Report: Iceland“ (með Gunnari Þór Péturssyni), EUDO Citizenship Observatory, [<http://eudo-citizenship.eu/docs/CountryReports/Iceland.pdf>], 2010.

Fræðileg erindi

„Ég vildi að í stjórnarskrá væri skýrt ákvæði um verksvið forseta Íslands“. Fyrirlestur á vegum lagadeildar HR, 1.12.2010.

„We now know – very little. Sources and research about internal security in Iceland during the Cold War“. NORCENCOWAR-vinnufundur, University of Turku, Finnlandi, 30.6.2010.

„Describing the Gold Rush from Afar. Foreign Observers and the Icelandic Economic Crisis“. Fyrirlestur á ráðstefnu félags- og mannvísindadeildar Háskóla Íslands, „After the Gold Rush“, 26.5.2010.

„„Peir fólar sem frelsi vort svíkja“. Lög, ásakanir og dómar um landráð á Íslandi“. Fyrirlestur á vegum lagadeildar HR, 26.1.2010.

Blaðgreinar

„Hvenær þjóðstjórn?“ Fréttablaðið 5.11.2010.

„Engin ríkisábyrgð?“ Fréttablaðið 10.3.2010.

Gunnþóra Ólafsdóttir

Ritun bókarinnar Töfrar ferðalagsins. Að ferðast um náttúru Íslands (vinnutitill)

Um er að ræða handrit að bók sem fjallar um endurnýjandi áhrif ferðalaga um náttúruleg svæði á líðan fólks. Umfjöllunin byggist á fræðilegu efni og skyldum rannsóknum, meðal annars doktorsritgerð Gunnþóru, *Relating to Nature: The Performative Spaces of Icelandic Tourism* sem rannsakaði efnið í ensk-íslensku samhengi. Töluverð frumrannsókn tengist bókinni einnig þar sem um önnur efnistöð er að ræða en í ritgerðinni og dregur fram fletir sem rannsóknin leiddi í ljós en ekki gafst færi á gera góð skil. Rannsóknarefnið verður einnig sett í samhengi íslenskrar fræðimennsku almennt og nýtt til að varpa ljósi á núverandi stöðu íslenskrar ferðaþjónustu. Leitast er við að gera umfjöllunina lifandi og raunsanna með því að tengja hana lífsreynslu 14 breskra ferðamanna sem ferðuðust um Ísland árið 2005. Þeir hafa mjög ólíkan bakgrunn og upplifðu aðstæður sínar á Íslandi á mjög ólíkan hátt. Bókin mun rekja hið áhrifaríka ferli frá draum ferðamannsins um að fara í ferð til Íslands, ferðalagið sjálft og aftur heim í hið venjubundna líf; fjalla um hvað dregur erlenda ferðamenn að landinu, kynna hvernig fólk ferðast um landið, hvað það upplifir og hvernig hinir ólíku þættir s.s. orðræða, ímyndir, óskrifðar reglur, líkaminn, tæknin, grunngerðin, ferðaþjónustuaðilar

sem skipulögðu og stjórnðu ferðunum, sem og ‘hegðun’ náttúrulegra fyrirbæra komu inn í og höfðu einstaklingsbundin áhrif á samband manns og náttúru og þar með hvað þeir fengu út úr ferðunum. Auk þess verður fjallað um tilurð og mátt algleymisupplifana. Áætlað er að bókin verði 280-300 blaðsíður að lengd.

Tilgangurinn með bókinni er þríþættur. Í fyrsta lagi, að opna augu fólks fyrir hinum flókna veruleika ferðamannsins, því margþætta samspili efnis og anda sem fer í gang þegar ferðast er um náttúruleg svæði og þá ólíku þætti sem koma saman og hafa áhrif á upplifun fólks. Í öðru lagi, að rannsóknarniðurstöðurnar geti nýst þeim sem gera út á upplifun á náttúru og endurnýjunaráhrif ferðalaga, sér í lagi þeim sem starfa við ferðaþjónustu og/eða skipuleggja landnotkun henni til handa nú á þessum óvissutímum þegar miklar vonir eru bundnar við atvinnugreinina og uppbyggingu íslensks atvinnulífs. Í þriðja lagi, að varpa ljósi á þá viðkvæmu auðlind sem náttúra Íslands er, íslensk ferðaþjónusta gerir út á og þau verðmæti sem í villtri náttúru felast.

Hildigunnur Ólafsdóttir

Nafn Hildigunnur Ólafsdóttir, dr. philos. afbrotufræði, félagsfræði

Helstu störf og rannsóknarverkefni

1. Saga ÁTVR. (Í samvinnu við Sumarliða Ísleifsson, sagnfræðing, ReykjavíkurAkademíunni og Sverri Jakobsson, sagnfræðing, Háskóla Íslands.)
2. Iceland and Images of the North. Alþjóðlegt verkefni.
3. Greinargerð um norræna sakfræðiráðið

Kennsla

Ímyndir áfengisneyslu Íslendinga. INOR – Ísland og ímyndir norðursins. Námskeið fyrir leiðsögumenn í umsjón Marion Lerner, menningarfræðings, Endurmenntun Háskóla Íslands, 25. október.

Prófdómari vegna MA-ritgerðar við menntavísindadeild Háskóla Íslands.

Ritstjórn

1. Í ritstjórn Nordisk Tidsskrift for Kriminalvidenskab

Fyrirlestrar

Powerful images: Drinking in Iceland and images of the North. Nordic Alcohol and Drug Researchers' Assembly, Reykjavík, 23-25. ágúst.

Annað

Ráðgjöf um rannsóknir á ofbeldi gegn konum fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið.

Hjörleifur Skorri Þormóðsson

4.árs læknanemi. B.Sc. Medicine

„Rannsóknir mínar eru á mislitnun og mögulegum áhrifum þess á frumuþroska og sérhæfingu í mannlíkamanum. Einnig hef ég skoðað greipt gen eftir litningum til að meta hvort yfirgenastýring hefur samspil við litninga. Með þessu var hugmyndin að skoða hvort litningar hefðu yfirgenastýringu sem yrði til mismunandi tjáningar gena eftir því frá hvoru foreldri þau koma.

Hef ég til þessa búið til tölfraðilíkan sem útfra tjáningargagnasetum fyrir erfðamengi mannsins. Niðurstöður sýna samstillta tjáningu greyptra gena eftir litningum. Jafnframt hafa niðurstöður áhugaverð tengsl við þá litninga sem tengjast heilkennum er hljótast af foreldra samstæðu frá einu foreldri (e. uniparental disomy).“

Ingunn Ásdísardóttir

Ingunn Ásdísardóttir MA í þjóðfræði (norrænar goðsögur); þýðandi; PhD-nemi

Helstu störf og rannsóknarverkefni:

Ph.D. nám í norrænni goðafræði við þjóðfræðideild Háskóla Íslands. Aðalleiðbeinandi: Dr. Terry Gunnell prófessor í þjóðfræði við HÍ; meðleiðbeinendur: Dr. Ármann Jakobsson lektor við HÍ og Dr. John Lindow prófessor við UCLA. Vinnutitill doktorsritgerðarinnar er: *JÖTNAR Í BLÍÐU OG STRÍÐU. Jötnar í norrænni trú, uppruni, eðli, og hlutverk.*

Þátttakandi í alþjóðlegu samstarfsverkefni ReykjavíkurAkademíunnar, Snorrastofu í Reykholti og Háskóla Íslands: *Pre-Christian Religions of the North*; útgáfa yfirlitsrits um norræna goðafræði. Seti í aðalstjórn og fulltrúi stjórnar í einni af þremur ritnefndum verkefnisins.

Urðarbrunnur, sýning um norræna goðafræði að Iðavöllum, setri um norræna goðafræði í Hveragerði ásamt Kristínu Rögnu Gunnarsdóttur teiknara. Hugmyndahönnun, textagerð og listræn stjórn, opnuð 09.07. 2009

Kennsla:

2010 Norræn trú Námskeið í þjóðfræði við Háskóla Íslands. Umræðutímar og umsjón. Aðalkennari Terry Gunnell. 10 ECTS einingar. Vorönn

2009 „Sköpunarsagan í heiðnum sið.“ Námskeið hjá Endurmenntun Háskóla Íslands 2., 9., 16. nóv.

2009 „Völuspá.“ Námskeið hjá Endurmenntun Háskóla Íslands 7., 12., 14. okt.

2009 Norræn trú Námskeið í þjóðfræði við Háskóla Íslands. Aðstoðarkennsla. Aðalkennari Terry Gunnell. 10 ECTS einingar. Vorönn.

Styrkir og viðurkenningar:

2008-2010 Tveggja ára starfsstyrkur til doktorsnáms úr Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands.

2009 Tilnefning til Hinna íslensku bókmenntaverðlauna ásamt Kristínu Rögnu Gunnarsdóttur fyrir bókina Örlög guðanna, Mál og menning 2008.

2010 Starfsstyrkur Hagþenkis

Fyrirlestrar:

2010 „Fornar menntir.“ Fyrirlestur á námskeiði fyrir leiðsögumenn: Menning og arfur, hjá Endurmenntun Háskóla Íslands 8. des.

2010 “A Giant - or not a Giant: That is the Question; Probing Loki's Identity.“ Erindi á ráðstefnunni Gods and Goddesses on the Edge: Myth and Liminality í þjóðfræðideild Háskóla Íslands, 12. nóv.

2010 “Bors synir “þjóðum ypptu” – or did they?” Fyrirlestur á Þjóðarspegli Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands, 29. okt.

2010 „Að hengja haus; um upphengda hausa og heila skrokka.“ Fyrirlestur á málþingi að Narfastöðum í Reykjadal, Hofstaðir í fortíð og framtíð, 24. apríl.

2009 „Fornar menntir.“ Fyrirlestur á námskeiði fyrir leiðsögumenn: Menning og arfur, hjá Endurmenntun Háskóla Íslands 20.10.

2009 „Icelandic Vellum Manuscripts and Old Norse Mythology.“ An introduction. Erindi á Fyrirlestrarhlaðborði fyrir Svartárkotsnámskeið í RA, 07.09.

2009 „Old Norse Mythology and Religion.“ An introduction. Erindi á Fyrirlestrarhlaðborði fyrir Svartárkotsnámskeið í RA, 19.06.

2009 „Inngangur að norrænni goðafræði“. Fyrirlestur í Prisma, námskeiði á vegum RA, Listaháskólans og Háskólanum í Reykjavík 20.05.

2009 „Endingargóða gyðjan“. Erindi flutt á 10 ára afmælisþingi Fornleifafræðingafélags Íslands, apríl.

Þýðingar:

2009 Bókmennta- og kartöflubökufélagið e. Mary Ann Shaffer & Annie Barrows. Bjartur.

Annað: 2009–2010 Sæti í dómnefnd um fagurbókmenntir fyrir Hin íslensku bókmenntaverðlaun; staða formanns síðara árið.

2009 – Sæti í undirbúningsnefnd fyrir Fjöruverðlaun – bókmenntaverðlaun kvenna.

2009 Sæti í úthlutunarnefnd listamannalauna, rithöfundalaun.

2006 – Sæti í stjórn Félags ReykjavíkurAkademíunnar

Jón Rúnar Sveinsson

Housing in Iceland in the Aftermath of the Global Financial Crisis. Í Ray Forrest (ritstj.). Housing Markets and the Global Financial Crisis – The Uneven Impact on Households. London, Edward Elgar 2011. [Unnið 2009 og 2010, gefið út 2011].

Kreppa, hugmyndafræði og félagslegt húsnæði. Íslensk þjóðfélagsfræði 2010, 1. árgangur.

[Ársskýrsla Varasjóðs húsnæðismála 2009](#). Unnið fyrir Varasjóð húsnæðismála. Varasjóður húsnæðismála, Sauðarkrókur 2010.

Home Ownership in Iceland After the Global Financial Crisis. Paper presented at the Consortium Mid-Term Assessment Meeting, VISURF Researcher' Network Colloquium, Reykjavík 10 – 15 February 2010.

Leigumarkaðurinn á Íslandi – af hverju er hann miklu minni en á hinum Norðurlöndunum? Erindi fyrir heilbrigðis- og velferðarhóp BSRB, 11. mars 2010.

Félagslegu íbúðakerfin á Norðurlöndunum. Erindi 20. desember 2010 á fundi með húsnæðishópi Landssamtaka lífeyrissjóða.

Leigumarkaður á Norðurlöndunum. Erindi í félags- og tryggingamálaráðuneytinu 22. desember 2010 um stefnumótun í húsnæðismálum og húsnæðisrannsóknir.

Skipulag fundar rannsóknansins [VISURF](#) (Visions of Residential Futures – Nordic-Baltic Researchers' Network), í Reykjavík 10.-15. febrúar 2010 (Consortium Mid-Term Assessment Meeting, VISURF Researcher Network Colloquium.)

Guðbjörg Lilja Hjartardóttir

Guðbjörg Lilja Hjartardóttir, stjórn málafræðingur og doktorsnemi í kynjafræði við Háskóla Íslands, Fyrirlestur á vegum Konfúsíusarstofnunar sem bar heitið Kynleg þróun í Kína 27. apríl 2010

Í fyrirlestrinum var fjallað um hin samfélagslegu umbrot sem búa að baki tölfræði um gífurlegan hagvöxt í Kína og ólík áhrif þeirra á líf karla og kvenna. Sjónum var beint að mikilvægi þátttöku ungra kvenna úr dreifbýli á efnahagslegan uppgang landsins, kynjaskiptum vinnumarkaði og atvinnuleysi, og togstreitu milli borga og sveita.

Marion Lerner

Hún hefur unnið að grein sem kemur út í bók á vegum ÍNOR á næstunni. Einnig stóð Marion fyrir námskeiði sem var unnið í samvinnu ÍNOR, Endurmenntunar HÍ og Félags leiðsögumanna. Námskeiðið var haldið á tveimur kvöldum í febrúar. Titillinn var „Ísland og ímyndir norðursins“ og eftirfarandi voru fyrirlesarar: Sumarliði Ísleifsson, Marion Lerner, Hildigunnur Ólafsdóttir, Þorgerður Þorvaldsdóttir. Tókst námskeiðið mjög vel.

Njörður Sigurjónsson

Ég vil ekki þreyta fólk með því að telja upp erindi og greinar frá síðasta ári, því nú er allt þannig á netinu. Ég var mjög duglegur, upplifði sterkt og ég stefni á að verða enn

duglegri á því næsta. Lóan er komin. Ég ætla líka að hafa meiri ást í textunum mínum en fyrirlestrarnir hafa kannski liðið fyrir það að vera ekki nógu jarðbundnir. Eftirleiðis verða þeir neðanjarðar og finna sér leið að hjartanu í gegnum hræringar í kvikunni. Kviku þess sem gæti orðið.

Ólafur G. Reynisson

Sjá greinargerð frammar í skýrslunni

Salvör Aradóttir

Haustið 2010 skilaði ég lokaritgerð minni “At skriva manuskript til en interaktiv dokumentar–systemdesign som dramaturgisk udfordring” við Kaupmannahafnarháskóla og hlaut við það kandidatsgráðu í leikhúsfræðum eða Master of Arts in Theatre Studies og titilinn Cand.mag. Ritgerðin fjallar um hvort og þá hvernig aðferðir leikhúsfræðinnar, þ.e. dramaturgía og sýningargreining nýtast við hönnun á gagnvirku margmiðlunarverki.

Sólveig Ólafsdóttir

Ég átti því láni að fagna að hefja árið 2010 sem auðveldari (e. facilitator) í Prisma. Hópurinn sem útskrifaðist á vordögum var einstaklega samheldinn, frjór og gjöfull sem og samstarfsfólk mitt. Frá því að ég tók við framkvæmdastjórástöðunni í RA hafa allar lausar stundir farið í rannsókn mína á stofnun og rekstri íslenska veitingastaðarins Iceland Food Centre í London árið 1965. Einnig hef ég leitt göngur í Hólavallagarð eins og síðustu ár auk þess að vera annar af tveimur leiðbeinendum á námskeiði hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands um Hólavallagarð, gamla kirkjugarðinn við Suðurgötuna.

Sumarliði Ísleifsson

Fyrirlestrar 2010:

Mars 2010. Af hverju áhugi á Íslandi? Ferðabækur og ímyndir. Hugvísindapening Háskóla Íslands.

Júní 2010. Sumarliði Ísleifsson: Af samspili innri og ytri ímynda, drambi, hæðni og vanmetakennd. Málþing á vegum ReykjavíkurAkademíunnar og ÍNOR í samstarfi við Reykjavíkurborg í Þjóðmenningarhúsinu.

Október 2010. Forn Íslandskort. Studio Stafn.

Nóvember 2010. „On Images and the North“. Netværket „kollektive forestillingsmønstre“, Københavns Universitet.

Nóvember 2010. Islands on the Edge. „Memory and Forgetting in the North Atlantic“. Københavns Universitet.

Kennsla 2010

1. Janúar 2010. Ferðamáladeild Hólaskóla. Matur og drykkur Íslendinga í augum erlendra ferðamanna frá 16. öld til öndverðrar 20. aldar.

2. Febrúar 2010. Ísland og ímyndir norðursins. Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands.

3. Mars 2010. Ímyndir Íslands. Prisma, á vegum Listaháskóla Íslands, Háskólans á Bifröst og ReykjavíkurAkademíunnar.

Verkefnisstjórn:

Sumarliði er annar verkefnisstjóra öndvegisverkefnisins Iceland and images of the North 2007-2010. Þorleifur Hauksson

Unnur Óttarsdóttir

Unnur G. Óttarsdóttir PhD. Sjálfstætt starfandi listmeðferðarfræðingur, fræði- og myndlistarmaður.

Helstu störf og rannsóknarverkefni:

Listmeðferðarfræðingur á listmeðferðarstofu Unnar Óttarsdóttur.

Sjálfstætt starfandi fræðimaður í ReykjavíkurAkademíunni. Unnið að rannsóknum um listmeðferð, áföll og námsörðugleika.

Kennsla:

Kennsla í fjölskyldulistmeðferð fyrir meistaranema í fjölskyldumeðferð við Endurmenntun Háskóla Íslands.

Kennt á listmeðferðarstofu Unnar Óttarsdóttur samkvæmt listkennslumeðferð (e. Art Educational Therapy).

Bækur:

‘Grunduð kenning og teiknaðar skýringarmyndir.’ Í S. Halldórsdóttir (ritsj.) Aðferðafræði rannsókna. Akureyri: Háskólinn á Akureyri. (áætlað að bók verði gefn út 2011).

Fræðigreinar:

‘Writing-Image’. ARTherapy; Journal of the American Art Therapy Association. 27(1) bls. 32-39.

Fyrirlestrar:

Grunduð kenning sem rannsóknaraðferð. Fyrirlestur fluttur á fjórða samræðuþingi um eiginlegar rannsóknir við Háskólann á Akureyri, Akureyri.

Þorgerður H. Þorvaldsdóttir.

Vann við doktorsrannsókn sína fyrir rannsóknarstyrk frá EDDU Öndvegissetri. Vinnutitill rannsóknarinnar: Equality Discourses at Crossroads – Gender Equality vs. Diversity.

Fyrirlestrar og birtingar

„From gender equality to ‘equality of all’ Viewpoints from actors and subjects of equality work.“ Þjóðarspegilinn. Rannsóknir í félagsvísindum XI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010.

Ritst. Silja Bára Ómarsdóttir. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 40-49.
http://skemman.is/stream/get/1946/6714/18376/1/4048_Þorgerður_Þorvaldsdóttir_STJb_ok.pdf

„Hið jafnrétta norður og íslenskar kynjaímyndir.“ Hádegisfyrirlestur Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræðum. Öskju, HÍ 25. febrúar 2010.

“Expanding equality work: Transformations and tensions among equality workers in Iceland.” Paper presented in a panel on Intersectional Struggles I at the 2nd European Conference on Politics and Gender. Central European University, Budapest, Hungary 13-15 January 2011. See:

<http://www.ecprnet.eu/sg/ecpg/documents/papers/L-Z/ThorvaldsdottirT.doc>

Thorgerdur Thorvaldsdóttir & Thorgerdur Einarsdóttir. (2011) “Equality discourses at crossroads. Gender equality vs. diversity.” *The Limits of Gendered Citizenship. Contexts and Complexities*. Ed. Elzbieta H. Olensy, Jeff Hearn and Dorothea Golanska. New York, Routledge, 100-122

Þorleifur Hauksson

Undanfarin fimm ár, frá úkomu Sverris sögu 2005 hef ég skrifað nokkrar greinar í tengslum við söguna en einkum unnið við nýja útgáfu á vegum Hins íslenska fornritafélags, á Hákonar sögu Hákonarsonar og Böglunga sögu. Sú útgáfa er væntanleg vorið eða haustið 2012. Á Alþjóðlegu fornsagnaráðstefnunni í Uppsölum sumarið 2009 flutti ég fyrirlesturinn "The Versions of Böglunga saga í tengslum við þá útgáfu. Samhliða hef ég unnið við að skrá ævisögu Vilborgar Dagbjartsdóttur skálds í ein tvö ár, sem mun væntanlega verða gefin út á haustmánuðum 2011.

Valdimar Briem

Sjá <http://www.austursetur.is/>

Viðar Hreinsson

Eftir að hann slapp úr starfi framkvæmdastjóra RA tók hann til við að rita ævisögu séra Bjarna Þorsteinssonar tónskálds og þjóðlagasafnara. Verkið er unnið fyrir Þjóðlagasetur séra Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði og kemur út á 150 ára afmæli hans 14. október 2011. Þá hefur hann unnið að frágangi enskrar gerðar ævisögu Stephans G. Stephanssonar sem út kemur á árinu 2011, og að ritstjórn og formála úrvals

gamansamra íslendingasagna og -þátta fyrir Penguin Classics sem út kemur á næstu misserum.

Grein 2010:

„Afturhvarf og opinberun Þórbergs” í „*að skilja undraljós*“ *Greinar um Þórberg Þórðarson, verk hans og hugðarefni*. Ritstjórar: Bergljót Soffía Kristjánsdóttir og Hjalti Snær Ægisson. Bókmennta- og listfræðistofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan Reykjavík 2010: 35-60.

Fyrirlestrar 2010:

„Er einhver að hlusta? Um ótta og eynd hugvísindanna.” Málþing AkureyrarAkademíunnar „Hvað er kreppa,” 8. febrúar.

„„Að hefjast í hærri stað og þaðan minnkast.” Um kotungshátt.” Fyrirlestraröð ÍNOR, 9. apríl.

„Icelandic mentality.” Fyrirlestur fyrir hóp kanadískra bisnissmanna, Hótel Sögu, 18. maí.

Stutt erindi á málþinginu „Evolution of Culture and Iceland’s Future,” í tilefni af heimsókn þróunarfræðingsins David Sloan Wilson til Íslands, 15. september.

„Gagnrýnið háskólasamfélag – lol.” Málþingið “Háskólinn í kreppu,” Háskóli Íslands, 20. nóvember.

Annað:

Ritstjóri íslensks efnis á vefnum Baltic Sea library: <http://www.balticsealibrary.de/>

Þátttaka í gerð umsóknar um NORDCORP styrk til NOS-HS til verkefnisins Reading and writing from below: Towards a new social history of literacy in the Nordic sphere during the long nineteenth century. Styrkurinn fékkst og verkefnið mun standa frá 2011 til 2014 undir stjórn undir stjórn Dr. Taru Nordlund við Helsinkiháskóla.

Þátttaka í árangurslausum umsóknum hóps fræðimanna innan og utan RA um öndvegisstyrk til Rannsóknasjóðs.

Seta í vinnuhópi mennta- og menningarmálaráðuneytisins um fræðasetur.

Stjórnarformaður RA ses.